# Viðhorf ferðamanna í Landmannalaugum

Samanburður áranna 2000, 2009 og 2019



Anna Dóra Sæþórsdóttir

Þorkell Stefánsson

Margrét Wendt

# Viðhorf ferðamanna í Landmannalaugum

Samanburður áranna 2000, 2009 og 2019

**Anna Dóra Sæþórsdóttir**

**Þorkell Stefánsson**

**Margrét Wendt**

2020
© Anna Dóra Sæþórsdóttir, Þorkell Stefánsson og Margrét Wendt
Útgefandi: Land- og ferðamálafræðistofa, Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands
Háskóli Íslands, Sturlugata 7, IS-101 Reykjavík
Forsíðumynd er af Brennisteinsöldu við Landmannalaugar. Ljósmynd: Anna Dóra Sæþórsdóttir
Prentun: Háskólaprent ehf.
ISBN: ISBN 978-9935-9266-7-8

# Efnisyfirlit


Töfluskrá ........ v

Myndaskrá ........ vii

1 Inngangur ........ 1

2 Landmannalaugar ........ 3

3 Langtímarannsóknir meðal ferðamanna á víðernum og öðrum náttúruskoðunarstöðum ........ 7
3.1 Ánægja og upplifun ferðamanna ........ 7
3.2 Samfélagsleg viðmið ........ 8
3.3 Upplifun á fjölda ferðamanna ........ 8
3.4 Ánægja með uppbyggingu og þjónustu ........ 10

4 Gögn og aðferðir ........ 13
4.1 Spurningalistakönnun ........ 13
4.2 Viðtalskönnun ........ 13

5 Niðurstöður ........ 17
5.1 Ferðamenn í Landmannalaugum og einkenni þeirra ........ 17
5.2 Eiginleikar svæðisins ........ 21
5.2.1 Aðgengilegt svæði ........ 21
5.2.2 Kyrrt svæði ........ 24
5.2.3 Hreint svæði ........ 26
5.2.4 Öruggt svæði ........ 28
5.2.5 Náttúrulegt svæði ........ 30
5.2.6 Fallegt svæði ........ 32
5.3 Aðdráttarafl svæðisins ........ 34
5.3.1 Víðernisupplifun ........ 36
5.3.2 Mannleg ummerki í víðernum ........ 38
5.4 Viðhorf til fjölda ferðamanna og ökutækja ........ 39
5.4.1 Viðhorf til fjölda ferðamanna almennt ........ 39
5.4.2 Viðhorf til fjölda fólksbifreiða ........ 42
5.4.3 Viðhorf til fjölda hópferðabifreiða ........ 43
5.4.4 Viðhorf til fjölda göngumanna ........ 45
5.4.5 Viðhorf til fjölda mótorhjóla og fjórhjóla ........ 47
5.4.6 Viðhorf til fjölda hestamanna ........ 48
5.5 Rask vegna ferðamanna og umferðar ........ 50
5.5.1 Truflun af völdum ferðamanna ........ 50
5.5.2 Skemmdir af völdum ferðamanna ........ 50
5.5.3 Truflun af völdum flugumferðar ........ 52
5.6 Væntingar ferðamanna, ánægja og vonbrigði ........ 53
5.6.1 Ánægja með dvölina á svæðinu ........ 53
5.6.2 Sérstök ánægja ........ 55
5.6.3 Sérstök vonbrigði ........ 57
5.6.4 Ánægja með náttúru svæðisins ........ 60
5.6.5 Ánægja með göngustíga ........ 61
5.6.6 Ánægja með skilti og merkingar ........ 63
5.6.7 Ánægja með þjónustu ........ 64
5.6.8 Ánægja með gistiaðstöðu ........ 66
5.6.9 Ánægja með salernisaðstöðu ........ 67
5.6.10 Ánægja með sturtuaðstöðu ........ 69
5.7 Flokkun ferðamanna með hliðsjón af viðhorfskvarðanum ........ 71
5.7.1 Að upplifa óraskaða náttúru ........ 73
5.7.2 Kyrrð og ró ........ 75
5.7.3 Merktar gönguleiðir ........ 77

5.7.4 Að ganga án þess að sjá mannvirki (önnur en fjallaskála) ..... 79
5.7.5 Skipulögð tjaldsvæði ..... 81
5.7.6 Engin ummerki um utanvegaakstur ..... 83
5.7.7 Skoðunarverðir staðir merktir ..... 85
5.7.8 Fáir aðrir ferðamenn ..... 87
5.7.9 Lagðir göngustígar ..... 89
5.7.10 Göngubrýr ..... 91
5.7.11 Engin ummerki eftir aðra ferðamenn ..... 93
5.7.12 Að mega tjalda hvar sem er innan svæðisins ..... 95
5.7.13 Að geta tjaldað án þess að verða var við aðra ..... 97
5.7.14 Áningarstaðir (bekkir og borð) ..... 99
5.8 Viðhorf til uppbyggingar og aðstöðu ..... 101
5.8.1 Fjallaskálar ..... 103
5.8.2 Gestastofa ..... 105
5.8.3 Óuppbyggðir malarvegir ..... 107
5.8.4 Uppbyggðir malarvegir ..... 109
5.8.5 Akbrýr á vatnsföllum ..... 111
5.8.6 Vegir bundnir slitlagi ..... 113
5.8.7 Verslun / veitingastaður ..... 115
5.8.8 Kaffihús ..... 117
5.8.9 Heilsársvegur ..... 118
5.8.10 Bensínstöð ..... 120
5.8.11 Hótel / gistiheimili ..... 122
5.8.12 Virkjunarmannvirki ..... 124

6 Umræður ..... 127

Heimildir ..... 131

# Töfluskrá

1. tafla. Fjöldi ferðamanna í Landmannalaugum í júlí og ágúst metinn með þremur mismunandi aðferðum. 4
2. tafla. Fjöldi svaraðra spurningalista og viðtala. 13
3. tafla. Ferðamennirnir sem rætt var við 14
4. tafla. Aðgengilegt svæði – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum. 23
5. tafla. Kyrrt svæði – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum. 25
6. tafla. Hreint svæði – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum. 27
7. tafla. Öruggt svæði – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum. 29
8. tafla. Náttúrulegt svæði – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum. 31
9. tafla. Fallegt svæði – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum. 33
10. tafla. Víðerni hluti af aðdráttarafli svæðisins – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum. 37
11. tafla. Viðhorf til fjölda ferðamanna almennt – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum. 40
12. tafla. Viðhorf til fjölda fólksbifreiða – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum. 43
13. tafla. Viðhorf til fjölda hópferðabifreiða – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum. 44
14. tafla. Viðhorf til fjölda göngumanna – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum. 46
15. tafla. Viðhorf til fjölda mótorhjóla/fjórhjóla – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum. 48
16. tafla. Viðhorf til fjölda hestamanna – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum. 49
17. tafla. Ánægja með dvölina á svæðinu – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum. 54
18. tafla. Ánægja með náttúruna – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum. 60
19. tafla. Ánægja með göngustíga – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum. 62
20. tafla. Ánægja með skilti og merkingar – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum. 63
21. tafla. Ánægja með þjónustu – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum. 65
22. tafla. Ánægja með gistiaðstöðu – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum. 66
23. tafla. Ánægja með salernisaðstöðu – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum. 68
24. tafla. Ánægja með sturtuaðstöðu – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum. 70
25. tafla. Mikilvægi þess að upplifa óraskaða náttúru – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum. 74
26. tafla. Mikilvægi þess að hafa kyrrð og ró – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum. 76
27. tafla. Mikilvægi merktra gönguleiða – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum. 78
28. tafla. Mikilvægi þess að ganga án þess að sjá mannvirki – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum. 80
29. tafla. Mikilvægi skipulagðra tjaldsvæða – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum. 82
30. tafla. Mikilvægi þess að sjá ekki ummerki um utanvegaakstur – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum. 84
31. tafla. Mikilvægi þess að skoðunarverðir staðir séu merktir – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum. 86
32. tafla. Mikilvægi þess að sjá fáa aðra ferðamenn – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum. 88
33. tafla. Mikilvægi lagðra göngustíga – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum. 90
34. tafla. Mikilvægi göngubrúa – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum. 92
35. tafla. Mikilvægi þess að ekki sjáist ummerki eftir aðra ferðamenn – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum. 94
36. tafla. Mikilvægi þess að mega tjalda hvar sem er innan svæðisins – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum. 96
37. tafla. Mikilvægi þess að geta tjaldað án þess að verða var við aðra – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum. 98

38. tafla. Mikilvægi áningarstaða – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum................100
39. tafla. Viðhorf til fjallaskála – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum...................104
40. tafla. Viðhorf til gestastofu – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum..................106
41. tafla. Viðhorf til óuppbyggðra malarvega – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum.....108
42. tafla. Viðhorf til uppbyggðra malarvega – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum.....110
43. tafla. Viðhorf til akbrúa á vatnsföllum – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum.....112
44. tafla. Viðhorf til vega með bundnu slitlagi – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum.....114
45. tafla. Viðhorf til verslunar – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum...................116
46. tafla. Viðhorf til veitingastaðar – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum............117
47. tafla. Viðhorf til verslunar – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum...................118
48. tafla. Viðhorf til heilsársvegar – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum. ............119
49. tafla. Viðhorf til bensínstöðvar – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum. ..........121
50. tafla. Viðhorf til hótels/gistiheimilis – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum. .123
51. tafla. Viðhorf til virkjunarmannvirkja – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum.125

# Myndaskrá


1. mynd. Landmannalaugar, Friðland að Fjallabaki og Torfajökulsaskjan. ........................................5
2. mynd. Kyn svarenda. ........................................17
3. mynd. Aldur svarenda. ........................................17
4. mynd. Þjóðerni svarenda. ........................................18
5. mynd. Ferðamáti svarenda. ........................................18
6. mynd. Ferðafélagar svarenda. ........................................18
7. mynd. Fjöldi heimsókna (þeirra sem hafa komið áður). ........................................19
8. mynd. Dvalarlengd dagsgesta. ........................................19
9. mynd. Dvalarlengd næturgesta. ........................................19
10. mynd. Náttstaður svarenda árið 2019. ........................................20
11. mynd. Gistimáti svarenda sem gistu í Landmannalaugum árið 2019. ........................................20
12. mynd. Lengd gönguferða. ........................................20
13. mynd. Afþreying svarenda. ........................................21
14. mynd. Eiginleikar svæðisins – yfirlit. ........................................21
15. mynd. Aðgengilegt svæði – þróun milli ára. ........................................22
16. mynd. Kyrrt svæði – þróun milli ára. ........................................24
17. mynd. Hreint svæði – þróun milli ára. ........................................26
18. mynd. Öruggt svæði – þróun milli ára. ........................................28
19. mynd. Náttúrulegt svæði – þróun milli ára. ........................................30
20. mynd. Fallegt svæði – þróun milli ára. ........................................32
21. mynd. Aðalaðdráttarafl svæðisins að mati svarenda 2019. ........................................34
22. mynd. Víðerni hluti af aðdráttarafli svæðisins. ........................................36
23. mynd. Mannleg ummerki sem geta verið til staðar án þess að víðerni glati merkingu sinni. ....38
24. mynd. Viðhorf til fjölda ferðamanna og ökutækja 2019 – yfirlit. ........................................39
25. mynd. Viðhorf til fjölda ferðamanna almennt – þróun milli ára. ........................................39
26. mynd. Truflun af völdum ferðamanna. ........................................50
27. mynd. Skemmdir af völdum ferðamanna. ........................................51
28. mynd. Truflun af völdum flugumferðar. ........................................52
29. mynd. Ánægja með ýmsa þætti árið 2019. ........................................53
30. mynd. Ánægja með dvölina á svæðinu – þróun milli ára. ........................................53
31. mynd. Þættir sem ollu sérstakri ánægju. ........................................55
32. mynd. Þættir sem ollu sérstökum vonbrigðum árið 2019. ........................................57
33. mynd. Flokkun ferðamanna eftir viðhorfskvarða – þróun milli ára. ........................................71
34. mynd. Mikilvægi allra þátta viðhorfskvarðans – yfirlit. ........................................72
35. mynd. Mikilvægi þess að upplifa óraskaða náttúru – þróun milli ára. ........................................73
36. mynd. Mikilvægi þess að hafa kyrrð og ró – þróun milli ára. ........................................75
37. mynd. Mikilvægi merktra gönguleiða – þróun milli ára. ........................................77
38. mynd. Mikilvægi þess að ganga án þess að sjá mannvirki – þróun milli ára. ........................................79
39. mynd. Mikilvægi skipulagðra tjaldsvæða – þróun milli ára. ........................................81
40. mynd. Mikilvægi þess að sjá ekki ummerki um utanvegaakstur – þróun milli ára. ........................................83
41. mynd. Mikilvægi þess að skoðunarverðir staðir séu merktir – þróun milli ára. ........................................85
42. mynd. Mikilvægi þess að sjá fáa aðra ferðamenn – þróun milli ára. ........................................87
43. mynd. Mikilvægi lagðra göngustíga – þróun milli ára. ........................................89
44. mynd. Mikilvægi göngubrúa – þróun milli ára. ........................................91
45. mynd. Mikilvægi þess að ekki sjáist ummerki eftir aðra ferðamenn – þróun milli ára. ........................................93
46. mynd. Mikilvægi þess að mega tjalda hvar sem er innan svæðisins – þróun milli ára. ........................................95
47. mynd. Mikilvægi þess að geta tjaldað án þess að verða var við aðra – þróun milli ára. ........................................97
48. mynd. Mikilvægi áningarstaða – þróun milli ára. ........................................99
49. mynd. Viðhorf til mannvirkja á svæðinu – yfirlit. ........................................101
50. mynd. Viðhorf til fjallaskála – þróun milli ára. ........................................103
51. mynd. Viðhorf til óuppbyggðra malarvega – þróun milli ára. ........................................107
52. mynd. Viðhorf til uppbyggðra malarvega – þróun milli ára. ........................................109

53. mynd. Viðhorf til akbrúa á vatnsföllum – þróun milli ára. ......................................................... 111
54. mynd. Viðhorf til slitlagðra vega – þróun milli ára. ..................................................................... 113
55. mynd. Viðhorf til verslunar / veitingastaðar – þróun milli ára. .................................................. 115
56. mynd. Viðhorf til bensínstöðvar – þróun milli ára. ...................................................................... 120
57. mynd. Viðhorf til hótels/gistiheimilis – þróun milli ára............................................................... 122
58. mynd. Viðhorf til virkjunarmannvirkja – þróun milli ára............................................................. 124

# 1 Inngangur

Á árunum 2000-2003 var fyrsta heildstæða rannsóknarverkefnið á þolmörkum ferðamennsku unnið hér á landi þar sem lagt var mat á þolmörk út frá náttúru, innviðum, viðhorfi heimamanna og viðhorfi ferðamanna. Verkefnið var unnið á 5 stöðum á landinu: Landmannalaugum, Lónsöræfum, Skaftafelli, Jökulsárgljúfrum og Mývatnssveit og var styrkt af Rannís. Rannsókn á þeim hlut þolmarka sem snýr að upplifun ferðamanna í Landmannalaugum var endurtekin árið 2009 og aftur árið 2019 og var styrkt af Ferðafélagi Íslands.

Á þessu tímabili hefur erlendum ferðamönnum hér á landi fjölgað um 1,7 milljón, úr um 300 þúsund árið 2000 í um 2 milljónir árið 2019 (Ferðamálastofa, 2020). Sérstæð og fjölbreytileg náttúra er aðalaðdráttarafl landsins, en um 92% erlendra ferðamanna koma til landsins vegna hennar og um 45% nefna sérstaklega fegurð hennar og að hún sé lítt spillt (Oddný Þóra Óladóttir, 2019). Undanfarin ár hafa landsmenn einnig sótt æ meira í útivist af ýmsu tagi og er hún orðin snar þáttur í daglegu lífi fjölda fólks. Hálendið er vinsæll leikvöllur sumra ferðamanna og griðastaður annarra. Það státar af fjölbreytilegri og einstæðri náttúru en auk þess felst aðdráttarafl þess í fámenninu, fjarveru hins manngerða og því sem margir ferðamenn upplifa sem víðerni (Anna Dóra Sæþórsdóttir, 2012; Sæþórsdóttir, 2014). Aðgangur fólks að slíku umhverfi verður sífellt mikilvægari í borgarsamfélagi nútímans þar sem gengur hratt á gæði slíks umhverfis.

Landmannalaugar eru vinsælasti áningarstaður hálendisins en sumarið 2016 fóru rúmlega 23% erlendra ferðamanna þangað (Maskína, 2016), auk þess sem um 3-5% Íslendinga fóru þangað árlega á árunum 2010-2017 (Markaðs- og miðlarannsóknir ehf., á.á.). Þegar víðerni verða vinsælir ferðamannastaðir getur mannmergð og röskun á umhverfinu dregið úr þeim eiginleikum sem upphaflega löðuðu að ferðamenn. Með aukinni ásókn ferðamanna í hálendið hefur þurft að byggja upp aðstöðu og bæta innviði en við það dregur úr víðerniseiginleikunum og að mati sumra er þeim „spillt“. Til þess að fólk upplifi einveru má heldur ekki vera margt fólk. Ferðamennska umfram ákveðin mörk getur haft neikvæð áhrif í för með sér. Hin neikvæðu áhrif geta gert það að verkum að svæði missa aðdráttarafl sitt og hvergi er þetta brothættara en einmitt á hálendinu þar sem náttúran er viðkvæm og gert er út á ímynd hins „óspillta“. Það er því áskorun að viðhalda eiginleikum hálendisins á vinsælum ferðamannastöðum. Aukin uppbygging og aukinn fjöldi ferðamanna leiðir síðan til neikvæðra áhrifa á umhverfið sem verður minna náttúrulegt en áður (Butler, 1980, 2018; Haraldsson og Ólafsdóttir, 2018; Ryan, 2002).

Í þessari skýrslu er greint frá niðurstöðum langtímarannsóknar á félagslegum þolmörkum ferðamanna í Landmannalaugum. Rannsóknin er byggð á þversniðsgögnum, þ.e.a.s. spurningalistakönnunum sem voru lagðar fyrir ferðamenn í Landmannalaugum sumrin 2000, 2009 og 2019. Alls fengust svör frá um 2.900 einstaklingum. Meginmarkmiðið er að greina hvernig ánægja ferðamanna og skynjun þeirra á umhverfinu, innviðum, þjónustu og fjölda ferðamanna hefur breyst á tímabilinu. Jafnframt er kafað dýpra í niðurstöðurnar frá árinu 2019 með því að greina þær eftir mismunandi bakgrunnsbreytum. Því til viðbótar voru tekin voru viðtöl við 21 ferðamann á svæðinu sumarið 2019 og er þeim ætlað að veita dýpri skilning á viðhorfum ferðamanna.

# 2 Landmannalaugar

Landmannalaugar og nágrenni státa af einstaklega fjölbreyttri náttúru sem einkennist af fjalllendi, eldvirkni og jarðhita, auk mikillar litadýrðar. Krefjandi landslag og beljandi jökulár stuðluðu að því að í gegnum aldirnar lögðu fáir ferð sína um svæðið aðrir en þeir sem fóru til fjárleita og veiða. Á seinni hluta átjándu aldar hófu náttúruvísindamenn að fara í rannsóknarleiðangra um svæðið en það var ekki fyrr en á fjórða áratug tuttugustu aldar sem ferðalangar fóru að leggja leið sína þangað sér til skemmtunar og þá ýmist fótgangandi eða á hestum. Fyrsta bílnum var ekið í Landmannalaugar árið 1946 og Ferðafélag Íslands reisti þar fyrsta fjallaskálann á árunum 1951-1952 þegar aðkoma að svæðinu var enn þá mjög erfið (Ólafur Örn Haraldsson, 2010). Á síðari hluta sjöunda áratugarins batnaði aðgengi vegna uppbyggingar vatnsaflsvirkjana á Tungnaár-Þjórsársvæðinu og þeim vegaframkvæmdum og brúarsmíði sem fylgdu. Stuttu síðar voru síðustu tveir kílómetrarnir lagðir að fjallaskálanum og með þeim framkvæmdum var ekki lengur þörf á að fara yfir ár til að komast í Landmannalaugar. Nú til dags er hægt að aka í Landmannalaugar á flestum fólksbílum og smájeppum. Vegurinn þangað er venjulega opnaður í lok júní eða byrjun júlí og hann lokast oftast um miðjan september en það getur engu að síður verið mjög breytilegt eftir árum. Náttúrufegurð, gott aðgengi og nálægð við höfuðborgarsvæðið, sem er einungis í þriggja klukkustunda akstursfjarlægð, hefur gert það að verkum að Landmannalaugar eru nú vinsælasti áfangastaður hálendisins (Markaðs- og miðlarannsóknir ehf., á.á.; Maskína, 2016). Langflestir ferðamenn koma þangað að sumri þótt eitthvað sé um að ferðamenn komi þangað einnig á veturna, þá ýmist á jeppum, vélsleðum eða gönguskíðum.

Það er erfitt að segja nákvæmlega til um fjölda þeirra ferðamanna sem koma í Landmannalaugar en þrjár mismunandi aðferðir hafa verið notaðar til að áætla fjöldann (1. tafla). Þær gefa töluvert mismunandi niðurstöður, auk þess sem gagnaöflun hefur ekki verið alveg samfelld. Ráðgjafafyrirtækið Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar (RRF) notast við spurningakannanir sem eru lagðar fyrir erlenda ferðamenn á Keflavíkurflugvelli á leiðinni út úr landinu og metur fjölda þeirra sem heimsækja Landmannalaugar út frá svörum gesta. Samkvæmt þessari aðferð voru gestirnir um 55 þúsund sumarið 2008 og þeim fjölgaði um nokkur þúsund frá ári til árs. Árið 2017 var fjöldi gesta kominn upp í 94.500 þúsund (Rögnvaldur Guðmundsson, 2018). Ferðamálastofa lagði rafræna spurningakönnun fyrir erlenda ferðamenn sumrin 2011, 2014 og 2016 þar sem spurt var hvaða staði þeir heimsóttu á Íslandi. Niðurstöðurnar sýndu að 23,4% ferðamanna heimsóttu Landmannalaugar sumarið 2011 (Markaðs- og miðlarannsóknir ehf., 2012), 15% sumarið 2014 (Maskína, 2014) og 19,8% sumarið 2016 (Maskína, 2016). Þessi hlutföll er hægt að umreikna í fjölda ferðamanna með því að líta á fjölda brottfara erlendra ferðamanna frá Keflavíkurflugvelli í júlí og ágúst en um 96-99% af ferðamönnum fara frá Íslandi um alþjóðaflugvöllinn í Keflavík (Ferðamálastofa, 2020). Þegar það er gert fæst að um 46.700 ferðamenn hafi heimsótt Landmannalaugar í júlí og ágúst árið 2011, 44.700 árið 2014 og tæp 94.600 árið 2016. Þriðja gagnasettið er frá Rögnvaldi Ólafssyni og Gyðu Þórhallsdóttur (2019) en þau notuðu bifreiðateljara til að meta fjölda ferðamanna. Samkvæmt þeirri aðferð komu um 57.200 manns í Landmannalaugar í júlí og ágúst árið 2019 eða um eitt þúsund manns á dag. Inni í tölum bifreiðatalninganna eru Íslendingar meðtaldir en þeir eru

aftur á móti ekki með í tölum RRF og Ferðamálastofu. Sú aðferð virðist samt sem áður alltaf gefa hóflegasta matið en þau tvö ár sem ferðamenn voru taldir með öllum þremur aðferðunum, þ.e. árin 2014 og 2016, munaði um tæplega 25.700 annars vegar og 32.900 hins vegar. Árið 2014 gefur aðferð RRF mesta fjöldann en árið 2016 metur Ferðamálastofa fjöldann mestan (1. tafla).

1. tafla. Fjöldi ferðamanna í Landmannalaugum í júlí og ágúst metinn með þremur mismunandi aðferðum.

| Ár | Reiknað úr frá spurningakönnunum Rannsókna og ráðgjafar ferðaþjónustunnar* | Reiknað úr frá netkönnunum Ferðamálastofu** | Metið út frá bifreiðateljurum*** | Spönn |
|---|---|---|---|---|
| 2008 | 55.000 | | | |
| 2011 | | 46.706 | | |
| 2013 | 61.400 | | 45.802 | 15.598 |
| 2014 | 70.400 | 44.706 | 47.502 | 25.694 |
| 2015 | 72.000 | | | |
| 2016 | 78.100 | 94.560 | 61.667 | 32.893 |
| 2017 | 94.500 | | 53.840 | 40.660 |
| 2018 | | | 65.723 | |
| 2019 | | | 57.214 | |

Unnið úr gögnum:
*Rögnvaldur Guðmundsson, (2018)
**Markaðs- og miðlarannsóknir ehf., (2012); (Maskína, 2014, 2016)
***Rögnvaldur Ólafsson og Gyða Þórhallsdóttir, (2019)

Vaxandi fjölda ferðamanna í Landmannalaugum hefur verið mætt með byggingu innviða og aukinni þjónustu. Nú eru níu byggingar á þjónustusvæðinu, þar á meðal fjallaskáli FÍ (sem hefur verið stækkaður nokkrum sinnum), salernis- og sturtuhús, starfsmannabústaður, áhaldahús, hesthús og skýli fyrir dagsgesti ásamt palli við laugina. Verslun og kaffihús eru rekin í þremur gömlum rútum. Björgunarsveitir eru með aðstöðu í einu húsi, húsbíl og færanlegum gámum. Tvö bílastæði eru á svæðinu og merktar gönguleiðir af mismunandi erfiðleikastigum. Landmannalaugar eru einnig upphafs- eða endapunktur vinsælustu lengri gönguleiðar landsins, Laugavegarins.

Landmannalaugar eru innan Friðlands að Fjallabaki sem var friðlýst árið 1979 og fer Umhverfisstofnun með umsjón þess (Auglýsing um friðland að Fjallabaki, 1979). Friðlandið er um 446 km$^2$ og er í miðri Torfajökulsöskjunni en hún teygir sig yfir um 700 km$^2$ svæði (1. mynd). Árið 2010 setti Umhverfisstofnun Landmannalaugar á svokallaðan *rauðan lista* fyrir vernduð svæði sem þurfa ráðstafanir án tafar til að koma í veg fyrir frekari hnignun á náttúrugæðum svæðisins. Ástæðan var álag vegna mikils fjölda ferðamanna og umsvif ferðaþjónustunnar (Umhverfisstofnun, 2010). Takmarkaðar rannsóknir hafa verið gerðar á umhverfi svæðisins. Þó má nefna rannsókn sem Rannveig Ólafsdóttir og Micael Runnström (2013) gerðu á ástandi gönguleiða innan friðlandsins en þau komust að þeirri niðurstöðu að flestar gönguleiðirnar (61%) voru í góðu ástandi og að minna en 1% þeirra var í mjög slæmu ásigkomulagi.




1. mynd. Landmannalaugar, Friðland að Fjallabaki og Torfajökulsaskjan.

# 3 Langtímarannsóknir meðal ferðamanna á víðernum og öðrum náttúruskoðunarstöðum

## 3.1 Ánægja og upplifun ferðamanna

Langtímarannsóknir byggjast á endurteknum þversniðsgögnum og fela í sér söfnum sambærilegra gagna a.m.k. á tveimur tímapunktum, ásamt greiningu og samanburði á gögnunum á milli tímabilanna sem um ræðir (Légaré og Haider, 2008; Menard, 1991). Langtímarannsóknir í ferðamálafræðum leitast við að greina breytingar til lengri tíma með það að markmiði að skilja hvernig og hvers vegna mismunandi þættir ferðaþjónustunnar, ferðamanna og ferðamannastaða breytast. Slíkar langtímarannsóknir geta veitt dýpri skilning en stakar rannsóknir og eru í raun eina leiðin til að greina raunverulegar breytingar, bæði á samsetningu ferðamanna og viðhorfum þeirra (Kuentzel og Heberlein, 2003). Langtímarannsóknir sem greina þróun á ánægju og viðhorfum ferðamanna til víðerna og lítt raskaðrar náttúru eru mjög takmarkaðar, ekki aðeins hér á landi heldur einnig á heimsvísu (Marušić, 2017; Wall-Reinius og Bäck, 2011). Upplýsingar um breytingar til lengri tíma eru hins vegar mjög mikilvægar fyrir ferðaþjónustuna og til að viðhalda samkeppnishæfni ferðamannastaða. Þær eru einnig gagnlegar fyrir náttúruvernd, sem og fyrir stjórnun og skipulag ferðamannastaða. Langtímarannsóknir skapa jafnframt grundvöll fyrir sjálfbæra nýtingu náttúruskoðunarstaða þar sem ætlunin er að nýta þá fyrir ferðaþjónustuna.

Erfitt getur verið að meta gæði upplifunar og ánægju ferðamanna á víðernum og öðrum náttúruskoðunarstöðum (t.d. Ryan og Cessford, 2003). Í ferðamálafræðum er gjarnan litið á ánægju sem heildarniðurstöðu af upplifun ferðamanna (Tung og Ritchie, 2011) og er mæling á henni mest notaða tækið til að meta gæði upplifunar (Tonge og Moore, 2007). Ánægja er háð fjölmörgum þáttum, eins og t.d. væntingum ferðamanna, fyrri reynslu þeirra, persónuleika, sjálfsmynd og náttúrusýn þeirra (Ryan og Cessford, 2003). Það síðastnefnda endurspeglar mismunandi þankagang fólks um náttúruna, verndun hennar og umgengni við hana. Má t.d. nefna ólíka sýn á það hvaða innviði og þjónustu *má* eða *á* að bjóða upp á í náttúrunni, ekki síst á víðernum. Þar kemur til sögunnar önnur áskorun en það er víðernishugtakið sem er bæði flókið og umdeilt. Í sumum löndum eru til lagalegar skilgreiningar á víðernum sem byggjast almennt á hlutlægum eiginleikum þeirra, þ.e.a.s. óröskuð náttúra, umhverfi án mannvirkja, án umferðar vélknúinna farartækja og að þar sé hægt að njóta einveru (Hendee, Stankey og Lucas, 1990). Á Íslandi eru víðerni skilgreind í lögum um náttúruvernd (nr. 60/2013). Þar er talað um óbyggt víðerni og það skilgreint sem:

> Svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 $km^2$ að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.

Ef túlka á hugtakið víðerni bókstaflega, er þannig um að ræða mannvirkja- og mannlausa veröld. Ýmsir fræðimenn hafa hins vegar gagnrýnt þessa nálgun á víðernishugtakið og bent á að hugtakið lýsi fyrst og fremst hugmyndum fólks um náttúruna og hvernig hún „eigi“ að vera. Landfræðingurinn Yi-Fu Tuan (1990, bls. 112) bendir t.d. á að víðerni séu „ekki síður lýsing á hugarástandi fólks en lýsing á náttúrunni“ („“Wilderness” cannot

be defined objectively: it is as much a state of the mind as a description of nature“). Upplifun ferðamanna á víðernum er þar af leiðandi ekki hlutlaus endurspeglun á raunveruleikanum, heldur byggð á þeirri þekkingu og skilningi sem ferðamenn tengja við ákveðið landslag. Því leggja ekki allir sömu merkingu í hvernig víðerni eiga að vera (Freimund og Cole, 2001; Higham, 1998; Stankey og Schreyer, 1987) og eins og Stankey og Schreyer (1987, bls. 257) benda á þá er „líklega ekki um að ræða einhverja eina víðernisupplifun“. Williams (1980 , bls. 67) minnir einnig á að hugmyndir manna um náttúruna séu kirfilega mótaðar af sögu mannkyns, eða með hans orðum: „Idea of nature contains, though often unnoticed, an extraordinary amount of human history“.

## 3.2 Samfélagsleg viðmið

Norm (*e. norms*) eru samfélagsleg viðmið, þ.e. eitthvað sem samfélagið skilgreinir sem venjulegt eða dæmigert. Á sviði ferðamennsku og útivistar eru samfélagsleg viðmið oftast notuð í samhengi við hvað ferðamenn telja vera ásættanlegt mat á ástandi ferðamannastaða, hvernig ferðamannastaðir „eiga að vera“ eða hvað sé hæfilegur fjöldi ferðamanna þar (Manning, Valliere og Wang, 1999; Shelby, Vaske og Donnelly, 1996). Kenningin um samfélagsleg viðmið (e. *social norm theory*) gerir ráð fyrir að almennt samkomulag ríki um ásættanlegt ástand og að það sé hægt að nota til að búa til staðla/viðmið með hliðsjón af því. Í normatívri nálgun sem þessari eru viðmið mæld hjá hópi einstaklinga. Í greiningu á niðurstöðum eru þessi viðmið tekin saman og fást þá samfélagsleg viðmið um ásættanleg mörk breytinga eða áhrifa eða æskilegt ástand (Shelby og Vaske, 1991). Samfélagsleg viðmið geta verið breytileg t.d. eftir samfélagshópum, þjóðerni, tegund afþreyingar sem fólk stundar og umhverfinu (Manning o.fl., 1999). Shelby og Vaske (1991) benda á að um sum viðmið ríki gott samkomulag („high levels of agreement“) en um önnur séu aftur á móti skiptar skoðanir („low levels“). Whittaker og Shelby, (1988) benda auk þess á að viðmiðin séu margvísleg. Þeir tala um „no tolerance norm“ sem á við þegar flestir notendur eru sammála um að öll áhrif séu óásættanleg og „single-tolerance norm“ þegar hópurinn er nokkuð sammála um að einhver áhrif séu ásættanleg. Loks tala þeir um „multiple-tolerance norm“ þegar tveir eða fleiri notendahópar hafa mismunandi viðmið fyrir hvað er ásættanlegt. Samfélagsleg viðmið geta jafnframt breyst með tímanum og eru sum viðtekin (e. *well formed*) en önnur eru aftur á móti breytileg (e. *emerging*) (Shelby o.fl., 1996).

## 3.3 Upplifun á fjölda ferðamanna

Rannsóknir hafa sýnt að á víðernum skiptir félagslegt umhverfi, eins og t.d. fjöldi ferðamanna og rusl, meira máli en ástand náttúrunnar (Hendee o.fl., 1990). Skynjun á fólksfjölda er mismunandi og fer meðal annars eftir gildum einstaklinganna, venjum, athöfnum og aðstæðum (Kim og Shelby, 2008; Oklevik o.fl., 2019). Fáar langtímarannsóknir hafa verið gerðar á upplifun á fjölda ferðamanna á víðernum og lítt spilltri náttúru en þær sem til eru gefa nokkuð ólíkar niðurstöður (Choe, Schuett og Sim, 2017; Hall og Cole, 2000; Kim og Shelby, 2008). Sumar rannsóknir hafa leitt í ljós að ánægja ferðamanna minnkar eftir því sem þeir upplifa fleiri ferðamenn í kringum sig (e.g. Lawson og Manning, 2001; Manning o.fl., 1999; Patterson og Hammitt, 1990; D. R. Williams, Roggenbuck og Bange, 1991). Einnig hafa fyrirframgefnar væntingar áhrif, þ.e. ef ferðamenn eru fleiri en aðspurðu ferðamennirnir áttu von á, er líklegra að þeir verði óánægðir (Kuss, Graefe og Vaske, 1990).

Aðrir rannsóknir hafa hins vegar sýnt fram á ekkert, lítið eða jafnvel öfugt samband á milli ánægju og upplifunar á fjölda (e.g. Kuentzel og Heberlein, 2003; Légaré og Haider, 2008; McIntyre og Boag, 1995; Stewart og Cole, 2001). Rannsókn sem Heberlein og Vaske (1977) gerðu leiddi í ljós að ánægja ferðamanna við Miklagljúfur í Arizona-fylki í Bandaríkjunum breyttist ekki þrátt fyrir aukinn fjölda ferðamanna. Einnig sýndi rannsókn Kuentzels og Heberleins (2003) meðal ferðamanna við Apostle Islands National Lakeshore í Wisconsin-fylki í Bandaríkjunum árin 1975, 1985 og 1997 að færri ferðamönnum fannst vera of margt um manninn í lok tímabilsins en í upphafi þess þrátt fyrir að ferðamönnum hefði fjölgað verulega.

Ýmsar ástæður geta verið fyrir því að ferðamenn upplifi síður fjölmenni þrátt fyrir ferðamönnum fjölgi. Ein ástæðan gæti verið að samfélagsleg viðmið hafi breyst. Þekkt er að samfélagsleg viðmið í þjóðfélögum með tilliti til ýmissa þátta hafa verið að breytast hratt á undanförnum árum, eins og t.d. hjónabönd samkynhneigðra og skilgreining á kyni fólks. Í fáum rannsóknum hefur hins vegar stöðugleiki venja þegar kemur að ferðamennsku og útivist verið skoðaður og hafa rannsóknirnar gefið blendnar niðurstöður (Choe o.fl., 2017; Kim og Shelby, 2008; Kuentzel og Heberlein, 2003; Schoenfeld og Hendee, 1978).

Önnur ástæða fyrir því að ferðamenn upplifi mögulega síður fjölmenni þrátt fyrir fjölgun ferðamanna gæti verið að samsetning gestanna á staðnum hafi breyst. Það var raunin í rannsókn Wall-Reinius og Bäck (2011) en þau báru saman spurningakannanir frá 1980 og 2003 sem voru gerðar á meðal sænsks göngufólks í fjórum þjóðgörðum í Norður-Svíþjóð. Niðurstöður þeirra sýndu að ferðamenn legðu minna upp úr því að mæta fáum ferðamönnum árið 2003 en þeir gerðu árið 1980. Það sem hafði hins vegar gerst var að samsetning hópsins hafði breyst þar eð ferðamennirnir árið 2003 voru eldri og dvöldu skemur á staðnum en í fyrri rannsókninni.

Samsetning gestanna getur einnig breyst vegna fjölgunar ferðamanna, þ.e.a.s. ef fjöldinn fer ekki lengur saman við samfélagsleg viðmið ákveðins hóps þá hætta þeir að heimsækja viðkomandi áfangastað og finna sér annan stað þar sem eru færri ferðamenn. Einhverjir aðrir ferðamenn sætta sig hins vegar við fjöldann og koma á staðinn. Þetta leiðir til þess að samsetning gestanna breytist, einn hópur fer og annar kemur í staðinn og er enska hugtakið *displacement* notað til þess að lýsa þessari breytingu (Hall og Cole, 2000; Ryan og Cessford, 2003; Shelby og Heberlein, 1986). Dæmi um slíkt má t.d. sjá í rannsókn sem Hall og Cole (2000) gerðu meðal ferðamanna á þremur gönguleiðum sem liggja um víðerni Oregon-fylkis í Bandaríkjunum á árunum 1991 og 1997. Á tímabilinu fjölgaði ferðamönnum mikið og var gripið til þeirrar ráðstöfunar að taka upp kvótakerfi til að takmarka fjölda ferðamanna á einni af gönguleiðinni. Vonuðust stjórnendur þjóðgarðsins að við það myndu ferðamenn síður upplifa of mikinn fjölda á gönguleiðinni. Það varð hins vegar ekki raunin og fjölgaði þeim ekki sem voru viðkvæmir fyrir fjölda. Aftur á móti leiddi kvótakerfið til þess að þeir ferðamenn sem er illa við boð og bönn hættu að koma á svæðið.

Rannsókn sem var gerð meðal ferðamanna á Chilkoot-gönguleiðinni sem tengir saman Alaska í Bandaríkjunum og Bresku-Kólumbíu árin 1993, 1998 og 2004 leiddi í ljós mismunandi ánægju gesta og upplifun þeirra á fólksfjölda eftir því hvers konar ferðamenn var um að ræða (Légaré og Haider, 2008). Ferðamönnum fjölgaði á svæðinu frá 1993 til 1998 en fækkaði aftur 2004 eftir að bókunar- og kvótakerfi var tekið upp. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að ferðamenn á svæðinu voru mjög ánægðir og var ekki marktæk breyting á ánægju á þessu tólf ára tímabili. Þegar nánar var að gáð var það ekki alveg svo einfalt. Um helmingur gesta sem

kom á svæðið sóttist eftir mikilli náttúruupplifun og einveru (e. *nature appreciation*) og fækkaði töluvert í þeirra hópi á þessu 12 ára tímabili. Ánægja þessa hóps var jafnframt minnst árið 1998 þegar fjöldi gesta var mestur. Um þriðjungur gestanna kom til að upplifa ævintýri og eiga stund í góðum félagsskap (e. *soft adventure*) og fjölgaði nokkuð í þeirra hópi á tímabilinu. Ánægja þessa hóps minnkaði árið 2004. Þriðji hópurinn hafði fyrst og fremst áhuga á arfleifð og sögu svæðisins (e. *heritage*) og var um 17% hópsins. Þeim fjölgaði árið 1998 en þá var haldin aldarafmælishátíð á svæðinu en svo fækkaði þeim aftur árið 2004. Þessi hópur var síður ánægður en aðrir með heimsókn sína á svæðið og var ánægja þeirra minnst árið 2004.

## 3.4 Ánægja með uppbyggingu og þjónustu

Almennt hafa gæði innviða og þjónustu mikil áhrif á ánægju ferðamanna og upplifun þeirra á áfangastöðum. Það er þó ekki algilt og á t.d. ekki alltaf við á víðernum en þar geta ferðamenn einmitt verið ánægðir vegna einfaldra innviða og takmarkaðrar þjónustu (Ryan og Cessford, 2003). Rannsóknir benda einnig til þess að hluti af ástæðunni fyrir því að ferðamenn heimsækja víðerni sé að þeir vilja komast úr manngerðu borgarumhverfi sem einkennist af stressi og andlegu áreiti í náttúrulegt umhverfi sem skapar þeim hugarró og veitir vellíðan (Olafsdottir, Cloke og Vögele, 2017). Á víðernum á því einfaldleikinn að vera ráðandi, auk þess sem ferðalög um víðerni eiga að fela í sér líkamlega og andlega áskorun (Marshall, 1930/1998; Nelson, 1998; Olson, 1938/1998). Hvað síðan er *erfitt* er afstætt og breytilegt eftir fólki. Sálfræðingurinn Csikszentmihalyi (1988) hefur bent á að ef áskorunin er mátulega erfið, þ.e.a.s. þegar rétt jafnvægi er á milli getu og áskorana, kallar hún fram tilfinningu sem hann kallar flæði (e. *flow experience*). Þetta flæði er mikilvæg forsenda þess að hámarka ánægju fólks og það gerist þegar fólk sigrast á krefjandi verkefnum.

Þegar ferðamönnum fjölgar á ferðamannastöðum er gjarnan farið í frekari uppbyggingu innviða og þjónustu. Það hvetur til aukinna heimsókna þeirra sem vilja þjónustu en fælir oft frá þá sem sækjast eftir því frumstæða, fámenni og mannvirkjalausri náttúru (Ólafsdóttir, Sæþórsdóttir og Runnström, 2016; Sæþórsdóttir, 2010; O. I. Vistad og Vorkinn, 2012). Í þjóðgörðum og víðernum Norður-Ameríku og Skandinavíu hefur gjarnan verið stuðst við svokallaðan viðhorfskvarða (e. *the purist scale*) í skipulagi og stefnumótun fyrir svæðin (Fredman og Emmelin, 2001; Hendee, Catton Jr., Marlow og Brockman, 1968; Stankey, 1973; O.I. Vistad, 1995; Wallsten, 1988). Viðhorfskvarðinn skipar ferðamönnum í eftirfarandi hópa: eindregna náttúrusinna (e. *strong purists*), náttúrusinna (e. *moderate purists*), almenna ferðamenn (e. *neutralists*) og þjónustusinna (e. *non purists*) með hliðsjón af því hvaða óskir þeir hafa um uppbyggingu og þjónustu og hversu viðkvæmir þeir eru fyrir fjölda ferðamanna og röskun á umhverfinu. Öll náttúruferðamennska krefst einhverra innviða, mismikilla og misjafnra að gæðum eftir því hvort markhópurinn er náttúrusinnar eða þjónustusinnar. Þjónustusinnar vilja gjarnan þægindi, eins og t.d. hótel og veitingastaði, en náttúrusinnar vilja helst frumstæð skilyrði, eins og t.d. að tjalda á víðernum.

Fjöldi annarra breyta hefur verið notaður í markaðshlutun, þ.á m. breytur byggðar á félags- og lýðfræði (t.d. kyn og aldur), ferðamáti, afþreying og þjóðerni (Choe o.fl., 2017; Kotler, Bowen og Makens, 2009). Þeir sem eru að heimsækja svæði í fyrsta sinn virðast sætta sig frekar við ástand þess en þeir sem hafa komið þangað áður. Þeir fyrrnefndu breyta jafnvel samfélagslegum viðmiðum sínum svo að þau falli að þeim aðstæðum sem

eru á staðnum (Schreyer, Roggenbuch, McCool, Royer og Miller, 1976). Rannsóknir í fjallaþjóðgörðum í Noregi sýna einnig að sum þjóðerni, sérstaklega Hollendingar og Tékkar, vilja takmarkaðri innviði en ferðamenn frá Norðurlöndunum (Haukeland, Veisten, Grue og Vistad, 2013; O. I. Vistad og Vorkinn, 2012). Samkvæmt Meng og Uysal (2008) er kynjamunur hvað þetta varðar þar sem karlmenn leggja áherslu á krefjandi afþreyingu eins og fjallgöngur og hestaferðir en konur leggja aftur á móti áherslu á fallegt náttúrulegt umhverfi og leiðsögn um svæðið.

Í fyrrnefndri rannsókn Wall-Reinius og Bäck, (2011) meðal sænsks fjallgöngufólks er bent á að fleiri óskuðu eftir betri gistingu og meiri innviðum, eins og t.d. betra aðgengi, fleiri og betur merktum gönguleiðum, ásamt aukinni þjónustu, árið 2003 en 1980. En eins og áður segir þá hafði samsetning ferðamanna á tímabilinu breyst þ.e. ferðamenn voru bæði eldri og dvöldu skemur árið 2003 en í fyrri rannsókninni.

Dwyer (2005) og Ryan og Trauer (2005) benda einnig á þá þróun að dvalartími fólks á áfangastöðunum sé að styttast og eftirspurn eftir betri gistingu og meiri þjónustu, sérstaklega á meðal eldra fólks, sé að aukast. Þetta er þó ekki algilt því að eins og Janke, Davey og Kleiber (2006) sýndu fram á þá er það heilsa, frekar en aldur, sem ákvarðar þátttöku í útivist og afþreyingu. Á meðan fólk heldur heilsu breytist þátttaka lítið með hækkandi aldri. Þ.a.l. virðist þátttaka í útivist vera hegðunarmynstur til lífstíðar. Ryan og Trauer (2005) og Dwyer (2005) taka undir þetta og telja að þrátt fyrir að fólk eldist muni það ekki breyta ferðahegðun sinni. Fólk er hraust og heldur góðri heilsu lengur en áður og það gerir því kleift að njóta áframhaldandi krefjandi útivistar. Ferðaþjónustuframboð fyrir fólk yfir sextugt mun þ.a.l. líklegast aukast frá því sem nú er í boði fyrir þann aldurshóp.

# 4 Gögn og aðferðir

## 4.1 Spurningalistakönnun

Í rannsókninni var annars vegar notast við spurningalistakannanir og hins vegar viðtöl við ferðamenn. Spurningalistum var dreift meðal ferðamanna eina viku í júlí árin 2000, 2009 og 2019. Einn til þrír spyrlar dreifðu spurningalistunum við skála Ferðafélagsins, á tjaldsvæðinu og bílastæðinu og var leitast við að ná til eins margra ferðamanna og kostur var. Erfitt getur reynst að fá ferðamenn í skipulögðum hópferðum sem koma í dagsferð á svæðið til að svara könnunum sem þessari enda dvalartími þeirra almennt stuttur. Því voru leiðsögumenn eða bílstjórar beðnir um að taka með sér spurningalista í rútuna ásamt frímerktu umslagi og biðja farþegana að svara í rútunni á leiðinni frá áfangastaðnum. Alls fengust rúmlega 2.900 útfylltir spurningalistar (2. tafla).

Sams konar spurningalisti var notaður öll árin og var hann á ensku, þýsku og frönsku, auk íslensku. Hann innihélt 27 spurningar sem margar voru í nokkrum liðum. Spurt var meðal annars um ferðahegðun, aðdráttarafl svæðisins, ánægju, upplifun ferðamannanna á svæðinu og fjölda ferðamanna, óskir um þjónustu og viðhorf til mannvirkja, auk bakgrunnsupplýsinga.

2. tafla. Fjöldi svaraðra spurningalista og viðtala.

| Ár gagnasöfnunar | Fjöldi spurningalista | Fjöldi viðtala | Styrkveitandi |
|---|---|---|---|
| 2000/2003 | 546 | 14 | Rannís |
| 2009 | 1105 | | Ferðafélag Íslands |
| 2019 | 1281 | 21 | Ferðafélag Íslands |

Svarmöguleikar sumra spurninganna voru á fimm stiga Likert-kvarða, t.d. 1 = mjög óánægð(ur), 2 = óánægð(ur), 3 = hlutlaus, 4 = ánægð(ur), 5 = mjög ánægð(ur). Út úr þessu var reiknað meðaltal sem var notað til að bera saman hvort tölfræðilegur marktækur munur væri á milli áranna þriggja. Fyrir árið 2019 voru niðurstöður hverrar spurningar jafnframt greindar eftir kyni, aldri, þjóðerni, ferðamáta, ferðafélögum, hvort um nætur- eða dagsgesti var að ræða, hvort svarendur hefðu komið áður á staðinn eða ekki og lengd gönguferðar. Þannig fæst yfirsýn yfir hvort viðhorf ferðamannanna sé breytilegt eftir mismunandi bakgrunnsbreytum. Greint er frá niðurstöðum spurningakönnunarinnar með lýsandi tölfræði (t.d. myndum, töflum, meðaltölum og hlutföllum) og ályktunartölfræði þar sem miðað er við 5% marktekt.

## 4.2 Viðtalskönnun

Hin magnbundna aðferð, sem felst í spurningalistanum, er ýmsum takmörkunum háð. Til að fá fyllri mynd á viðfangsefnið voru því tekin opin ítarviðtöl, 21 að tölu, við 33 ferðamenn í Landmannalaugum dagana 23. til 30.

júlí 2019. Árið 2003 voru tekin 14 viðtöl en þeim eru ekki gerð skil í þessari skýrslu. Ferðamennirnir voru meðal annars spurðir hvernig þeir upplifðu svæðið, þar með talið fjölda ferðamanna þar og um viðhorf sitt til mannvirkjana á svæðinu. Við val á úrtaki viðmælenda var leitast við að ná til fjölbreytts hóps, með tilliti til þjóðernis, ferðamáta, kyns og aldurs (3. tafla). Öll viðtölin fóru fram á ensku. Rætt var við átta ferðamenn frá Frakklandi, fimm frá Belgíu, fjóra frá Hollandi, þrjá frá Þýskalandi, tvo frá Austurríki, tvo frá Kanada, tvo frá Póllandi, tvo frá Slóvakíu, einn frá Indlandi sem er búsettur í Bandaríkjunum, einn frá Argentínu, einn frá Noregi, einn frá Bandaríkjunum og einn frá Finnlandi sem er búsettur í Noregi. Viðmælendur voru á aldrinum 20-63 ára og kynjaskipting viðmælenda var þannig að fimmtán voru konur og átján voru karlmenn. Sumir viðmælenda voru í áætlunarferðum, aðrir í skipulögðum hópferðum, sumir ferðuðust um á bíl, aðrir fótgangandi eða á hjólum. Viðmælendur höfðu víðtæka menntun. Í hópi erlendu ferðamannanna voru m.a. kennarar, doktorsnemi, hugbúnaðarverkfræðingur, skrifstofustarfsmenn, lögfræðingur og rithöfundur. Meðallengd viðtalanna var um 35 mínútur, það lengsta 54:49 mínútur og stysta 18:33 mínútur.

3. tafla. Ferðamennirnir sem rætt var við

| *Viðmælendur* | *Viðmælendur* |
|---|---|
| Argentínskur (kk) tónlistarkennari (28 ára) | Hollenskur (kk) doktorsnemi (25 ára) |
| Austurrískur (kk) nemandi (24 ára) | Hollenskur (kk) einkaþjálfari (31 ára) |
| Austurrískur (kvk) nemandi (22 ára) | Hollenskur (kk) sjúkraþjálfari (31 ára) |
| Bandarískur (kk) barþjónn (25 ára) | Hollenskur (kvk) verkefnastjóri (29 ára) |
| Belgísk (kvk) lögreglukona (25 ára) | Indverskur (kk) hugbúnaðarverkfræðingur, búsettur í Bandaríkjunum (39 ára) |
| Belgísk (kvk) skrifstofukona (45 ára) | Kanadískur (kk) smiður (51 ára) |
| Belgískur (kk) forritari (27 ára) | Kanadískur (kvk) starfsmaður í kanadíska samgönguráðuneytinu (50 ára) |
| Belgískur (kk) starfsmaður í íslenskri ferðaþjónustu (40 ára) | Norskur (kk) verkamaður (26 ára) |
| Belgískur (kvk) kennari (25 ára) | Pólskur (kk) hugbúnaðarhönnuður (34 ára) |
| Finnskur (kvk) kennari, búsettur í Noregi, (39 ára) | Pólskur (kvk) gjaldkeri (28 ára) |
| Franskur (kk) sorphirðustarfsmaður (34 ára) | Slóvakísk (kvk) skrifstofukona (29 ára) |
| Franskur (kk) félagsráðgjafi (55 ára) | Slóvakískur (kvk) tölfræðingur (29 ára) |
| Franskur (kk) háskólakennari (54 ára) | Þýskur (kk) starfsmaður í banka (63 ára) |
| Franskur (kk) nemi (24 ára) | Þýskur (kvk) nemandi með sumarvinnu í hestaferðamennsku á Íslandi (20 ára) |
| Franskur (kk) starfsmaður í íslenskri ferðaþjónustu (39 ára) | Þýskur (kvk) starfsmaður í banka (59 ára) |
| Franskur (kvk) háskólakennari (52 ára) | |
| Franskur (kvk) lögfræðingur (28 ára) | |
| Franskur (kvk) rithöfundur (45 ára) | |

Nánari lýsing á viðmælendum:

- Fimmtíu og níu ára kona og sextíu og þriggja ára karlmaður sem eru bæði frá Þýskalandi og vinna í banka. Þau komu með ferjunni til Íslands og ferðuðust um landið á eigin bíl. Þau komu með áætlunarrútunni í Landmannalaugar og voru þar dagsgestir.
- Tveir austurrískir nemendur, annars vegar tuttugu og tveggja ára kona og hins vegar tuttugu og fjögurra ára karlmaður, sem áttu eftir að ferðast saman á bílaleigubíl um Ísland í rúmar tvær vikur. Þau höfðu komið til landsins deginum áður en viðtalið var tekið og voru dagsgestir á svæðinu.
- Fimmtíu og fjögurra ára karlmaður og fimmtíu og tveggja ára kona frá Frakklandi sem starfa sem háskólakennarar. Þau tóku áætlunarrútuna í Landmannalaugar og gistu þar í tvær nætur, áður en þau ætluðu síðan að sækja bílaleigubíl og leggja af stað í þriggja vikna hringferð um landið.

- Þrjátíu og níu ára indverskur hugbúnaðarverkfræðingur, búsettur í Bandaríkjunum, sem var einn á ferðinni um landið og gisti í skála í Landmannalaugum. Hann var búinn að ferðast um Evrópu í einn mánuð áður en hann kom til Íslands. Hann hafði keyrt um Gullna hringinn og síðan tekið rútuna í Landmannalaugar, þar sem hann ætlaði að ganga Laugaveginn.
- Tuttugu og fjögurra ára franskur nemi sem kom til Íslands til að heimsækja vin sinn sem búsettur er í Reykjavík. Hann var búinn að keyra til Hafnar og hafði síðan tekið áætlunarrútuna í Landmannalaugar, þar sem hann ætlaði að tjalda.
- Tuttugu og átta ára tónlistarkennari frá Argentínu sem var einn á ferðinni um landið. Hann ferðaðist á puttanum um landið og ætlaði að tjalda í Landmannalaugum.
- Tuttugu og átta ára kona og þrjátíu og fjögurra ára karlmaður, bæði frá Póllandi. Hann starfar sem hugbúnaðarhönnuður og hún sem gjaldkeri. Þau fengu bíl að láni frá vinum á Íslandi og voru búin að ferðast í þrjár vikur um landið. Þau höfðu byrjað á að heimsækja Hornstrandir og keyrðu síðan hringveginn.
- Franskur þrjátíu og fjögurra ára karlmaður sem var á ferðalagi með kærustu sinni. Þau höfðu gengið Laugaveginn frá Þórsmörk í Landmannalaugar og ætluðu næst að ferðast í eina viku um Norðurland. Hann starfaði við meðhöndlun úrgangs.
- Tuttugu og sjö ára belgískur forritari og tuttugu og sex ára norskur verkamaður. Þeir voru búnir að ganga Laugaveginn og ætluðu að stoppa í nokkra tíma í Landmannalaugum áður en þeir myndu halda áfram ferðum sínum.
- Tvær tuttugu og níu ára konur frá Slóvakíu. Önnur starfar sem tölfræðingur en hin við skrifstofustörf. Þær ætluðu að vera tvær nætur í Landmannalaugum og fara í gönguferðir um svæðið. Þær komu með áætlunarrútunni og gistu í skála.
- Tuttugu og fimm ára barþjónn frá Bandaríkjunum sem ferðaðist einn um landið. Hann hafði tekið áætlunarrútuna frá Reykjavík og ætlaði að byrja að ganga Laugaveginn sem var helsta ástæðan fyrir ferð hans til Íslands.
- Tuttugu og fimm ára karlmaður og tuttugu og níu ára kona frá Hollandi. Hann er doktorsnemi og hún er verkefnastjóri. Þau voru á Íslandi í u.þ.b. þrjár vikur og höfðu meðal annars farið í hesta- og hjólaferð um Kjöl. Síðan hjóluðu þau úr Jökulsárlóni í Landmannalaugar.
- Þrjátíu og níu ára Frakki og fertugur Belgi sem báðir eru búsettir á Íslandi og starfa í ferðaþjónustu. Þeir komu fyrst til Íslands fyrir sex árum síðan en eru núna fluttir til landsins. Þetta var í fyrsta skiptið sem þeir komu í Landmannalaugar.
- Þrjátíu og níu ára kennari frá Finnlandi sem búsett er í Noregi. Hún hafði komið til Íslands fyrir fjórum árum og þá farið í hjólreiðaferð. Í þetta sinn fór hún í gönguferðir, þar á meðal gönguferðir um Hornstrandir og Laugaveginn.
- Fimmtug kona og fimmtíu og eins árs karlmaður frá Kanada. Þau höfðu komið til Íslands fyrir tíu árum og voru nú á þriggja vikna ferðalagi um Ísland. Þau tóku áætlunarrútuna í Landmannalaugar og gistu í skála.

- Tvær tuttugu og fimm ára konur frá Belgíu. Önnur er lögreglukona og hin er kennari. Þær ferðuðust á vegum belgískrar ferðaskrifstofu með u.þ.b. fimmtíu manna hópi. Hópurinn tjaldaði í Landmannalaugum og ætlaði síðan að ganga Laugaveginn.
- Fjörutíu og fimm ára kona og fimmtíu og fimm ára karlmaður frá Frakklandi. Þau skoðuðu Gullna hringinn og gengu síðan Laugaveginn úr Þórsmörk í Landmannalaugar. Næst ætluðu þau keyra suðurströndina að Jökulsárlóni og til baka á bílaleigubíl.
- Tveir þrjátíu og eins árs karlmenn frá Hollandi. Annar starfar sem sjúkraþjálfari, hinn sem einkaþjálfari. Þeir voru að ferðast með sama hópi og tveir aðrir viðmælendur, u.þ.b. fimmtíu manna hópi á vegum belgískrar ferðaskrifstofu sem tjaldaði í Landmannalaugum og ætlaði síðan að ganga Laugaveginn.
- Tvítugur þýskur nemandi sem hafði fengið sumarvinnu á Íslandi hjá hestaleigu. Hún hafði fyrst komið í Landmannalaugar fyrir fjórum árum og var núna að koma í fjórða skiptið. Hún var að fara að ganga Laugaveginn með fjölskyldu sinni.
- Tuttugu og átta ára lögfræðingur frá Frakklandi. Hún og ferðafélagi hennar gistu eina nótt í Landmannalaugum. Þau voru í bílaleigubíl og ætluðu að halda áfram að keyra hringinn í kringum landið á þremur vikum.
- Fjörutíu og fimm ára frönsk kona sem vinnur á skrifstofu. Hún var á bílaleigubíl með dætrum sínum í tvær vikur um Ísland og ætlaði að keyra suðurströndina til Hafnar og til baka. Hún gisti í Landmannalaugum í þrjár nætur.

# 5 Niðurstöður

## 5.1 Ferðamenn í Landmannalaugum og einkenni þeirra

Í rannsókninni árin 2009 og 2019 var kynjahlutfall nokkuð jafnt en árið 2000 voru konur töluvert fleiri en karlar, eða 56% (2. mynd). Meðalaldur ferðamanna í Landmannalaugum hefur verið að lækka en hann var tæpt 41 ár árið 2000, tæp 40 ár árið 2009 og rúm 38 ár árið 2019. Hlutfall svarenda yngri en 35 ára fór úr 42% árið 2000 í 48% árið 2019 (3. mynd).




2. mynd. Kyn svarenda.




3. mynd. Aldur svarenda.

Samsetning gesta með tilliti til þjóðernis hefur verið að breytast töluvert á tímabilinu. Árið 2000 kom 91% ferðamannanna frá Íslandi, Frakklandi, Þýskalandi, Belgíu/Hollandi, Sviss/Austurríki og Norðurlöndunum (4. mynd). Hlutfall gesta frá þessum löndum hafði lækkað í 84% árið 2009 en árið 2019 komu aðeins 68% frá þessum nefndu löndum. Hlutfall Íslendinga hafði jafnframt lækkað mikið, eða úr 21% árið 2009 í 7% árið 2019. Það gæti skýrst af því að árið 2009 ferðuðust margir innanlands vegna kreppunnar í kjölfar hruns íslensku bankanna. Hlutfall Svisslendinga/Austurríkismanna hefur einnig lækkað mikið en árið 2000 voru 15% ferðamanna frá Sviss eða Austurríki en aðeins 8% árið 2019.

Á móti koma nú mun fleiri Bandaríkja- og Kanadamenn en áður. Þeir voru aðeins 1% árið 2000 en 8% 2019. Sömu sögu er að segja um Spánverja og Ítali, en sá hópur óx úr nánast engu árið 2000 í 6% árið 2019. Belgum og Hollendingum fjölgaði einnig töluvert en þeir voru 9% gesta árið 2000 en 14% árið 2019. Ein helsta breyting á samsetningu gesta með tilliti til þjóðernis er að ferðamenn koma nú frá mun fleiri löndum en áður: Árið 2000 voru 8% gesta frá 6 öðrum löndum en nefnd voru hér að ofan. Árið 2019 voru um 18% svarenda frá 27 öðrum löndum en nefnd voru – þar af 5% sem komu frá Visegrád-löndunum fjórum (Póllandi, Tékklandi, Slóvakíu og Ungverjalandi).



4. mynd. Þjóðerni svarenda.

Frá árinu 2000 hefur hlutfall ferðamanna sem kemur í Landmannalaugar með hópferðabifreiðum lækkað mikið, en þess í stað koma nú fleiri þangað á bílaleigubílum (5. mynd). Árið 2000 ferðuðust 66% ferðamanna með hópferðabíl en 43% árið 2009 og 49% árið 2019. Á sama tíma jókst hlutfall þeirra sem koma á bílaleigubílum úr 11% í 28%. Hátt hlutfall svarenda, eða 21%, kom í Landmannalaugar á eigin bíl árið 2009, en eins og áður segir var hlutfall Íslendinga hærra það ár en hin árin. Þessar breytingar á ferðamáta haldast í hendur við lækkun hlutfalls þeirra sem ferðast í skipulagðri hópferð en þeir fóru úr 56% árið 2000 í 21% árið 2019 (6. mynd). Aftur á móti hefur færst í aukana að fólk ferðist með fjölskyldum/maka sínum eða vinum, en árið 2019 voru um 50% svarenda á ferð með fjölskyldu eða maka.



5. mynd. Ferðamáti svarenda.



6. mynd. Ferðafélagar svarenda.

Árið 2000 höfðu 19% svarenda komið í Landmannalaugar áður, en 81% var í sinni fyrstu heimsókn þangað. Níu árum síðar höfðu 26% komið áður – en það ár var hlutfall Íslendinga í úrtakinu hátt, sem áður segir. Árið 2019 höfðu 22% þátttakenda komið í Landmannalaugar áður.

Hópur þeirra sem hefur komið margoft í Landmannalaugar hefur minnkað: Árin 2000 og 2009 höfðu um og yfir 30% þeirra sem höfðu komið áður í Landmannalaugar komið þangað oftar en 10 sinnum en einungis 3% árið 2019 (7. mynd). Aftur á móti var hópurinn sem hafði aðeins komið einu sinni áður á svæðið orðinn stærri í fyrri könnunum, eða 56% þeirra sem höfðu komið áður.




7. mynd. Fjöldi heimsókna (þeirra sem hafa komið áður).

Fleiri heimsækja nú Landmannalaugar í dagsferðum en áður og þar af leiðandi gistir lægra hlutfall gesta á staðnum. Árið 2000 var hlutfall næturgesta 66% og 76% 2009 en árið 2019 voru þeir sem gistu á svæðinu 62%. Þeir sem koma í dagsferð á svæðið dvelja hins vegar lengur en áður: Meðallengd dvalar á svæðinu í dagsferðum var á bilinu 3,8 til 3,9 klst. árin 2000 og 2009 en var 5,1 klst. 2019. Árin 2000 og 2009 dvöldu 40-41% svarenda stutt á svæðinu: tvær klukkustundir eða skemur (8. mynd). Næturgestir gista á hinn bóginn skemur á svæðinu en áður: Meðalfjöldi gistinátta á svæðinu var 2,1 árið 2000, 3,3 árið 2009 en 1,7 árið 2019. Árið 2009 gisti um fimmtungur svarenda í fimm eða fleiri nætur á svæðinu en hin árin mun færri (9. mynd). Árið 2019 gistu 58% næturgesta aðeins í eina nótt á svæðinu, en árin 2000 og 2009 gisti um þriðjungur næturgesta í eina nótt.




8. mynd. Dvalarlengd dagsgesta.




9. mynd. Dvalarlengd næturgesta.

Árið 2019 var spurt hvar svarendur hefðu gist nóttina áður og nóttina eftir að þeir svöruðu könnuninni (10. mynd). Rúmlega helmingur hafði gist í Landmannalaugum og tæp 12% ætluðu að gista þar nóttina á eftir. Um þriðjungur kvaðst hafa gist nóttina áður á Suðurlandi, eins og t.d. á Hellu og Selfossi eða Vík, og rúm 20% ætluðu að gista á því svæði nóttina á eftir. Um 29% voru að koma beint frá Reykjavík og um 13% voru á leiðinni þangað. Um 14% gistu í nágrenni Landmannalauga nóttina áður og 6% ætluðu að gista á nálægum slóðum nóttina á eftir. Þeir sem gistu í Landmannalaugum árið 2019 voru jafnframt spurðir að því hvaða gistimáta þeir nýttu. Um 67% gistu í tjaldi, 23% í gistiskála og 10% í húsbíl, hjólhýsi eða tjaldvagni (11. mynd).




10. mynd. Náttstaður svarenda árið 2019.




11. mynd. Gistimáti svarenda sem gistu í Landmannalaugum árið 2019.

Hlutfall gesta sem gengur um svæðið var hæst árið 2000, eða 94%, 86% árið 2009 og 90% árið 2019 (13. mynd). Þótt færri hafi gengið 2009 en hin árin var hlutfall svarenda í löngum gönguferðum (lengri en 6 klst.) hæst það ár, eða 44% þeirra sem gengu um svæðið (12. mynd). Árið 2009 var meðallengd gönguferða einnig lengst. Árið 2019 voru þátttakendur spurðir hvort þeir væru að ganga Laugaveginn. Um 48% þeirra sögðust vera að því og af þeim ætluðu 75% að ganga úr Landmannalaugum en 25% voru að koma úr Þórsmörk.




12. mynd. Lengd gönguferða.

Önnur afþreying sem gestir í Landmannalaugum stunda er ljósmyndun sem þrír af hverjum fjórum stunduðu öll þrjú árin (13. mynd). Einnig er algengt að gestir baði sig í heitu lauginni en þó var hlutfall svarenda sem sagðist fara í laugina lægra árið 2019 en árin á undan. Margir sögðust vera að skoða jarðfræðifyrirbæri – þó var það algengara árið 2000 en hin árin. Nokkuð algengt var að gestir segðust vera að skoða plöntur eða fugla, en hvort tveggja var algengara árið 2000 en hin árin. Árið 2009 sagðist rúmur fjórðungur ætla í ökuferð, en nokkuð færri árin 2000 og 2019. Hestamennska dróst nokkuð saman, því um 9% ætluðu á hestbak árið 2000, 7% árið 2009 og aðeins 2% árið 2019. Fáir voru á veiðum á svæðinu, en hæsta hlutfall þeirra sem ætluðu að veiða var árið 2009, eða 5%.




13. mynd. Afþreying svarenda.

## 5.2 Eiginleikar svæðisins

Svarendur voru beðnir að tilgreina hversu aðgengilegt, kyrrt, hreint, öruggt, náttúrulegt og fallegt þeim þætti svæðið með því að merkja við viðeigandi svarkost á fimm punkta kvarða. Svæðið þótti mjög fallegt, fremur hreint og fremur kyrrt öll árin, en það þótti mun öruggara og náttúrulegra árið 2019 en árin 2000 og 2009 (14. mynd). Svörin úr hverjum lið fyrir sig eru greind nánar hér á eftir.




14. mynd. Eiginleikar svæðisins – yfirlit.

### 5.2.1 Aðgengilegt svæði

Árin 2000 og 2009 þótti á bilinu 26-27% svarenda Landmannalaugasvæðið vera fremur eða mjög afskekkt og um helmingi svarenda þótti það aðgengilegt (15. mynd). Árið 2019 fannst aðeins 18% svæðið vera afskekkt en 58% töldu það aðgengilegt. Meðaltal ársins 2019 er marktækt hærra en áranna 2000 og 2009 (ANOVA próf: $F = 324{,}766$; $p < 0{,}001$).




15. mynd. Aðgengilegt svæði – þróun milli ára.

Árið 2019 þótti konum svæðið aðgengilegra en körlum og svarendum yngri en 35 ára þótti það óaðgengilegra en þeim sem eldri voru (4. tafla). Íslendingum, Þjóðverjum og Norðurlandabúum þótti svæðið aðgengilegra en fólki af öðru þjóðerni, þeim sem voru einir á ferð eða í skipulagðri hópferð þótti svæðið aðgengilegra en þeim sem ferðuðust með fjölskyldu eða vinum. Þá þótti dagsgestum svæðið aðgengilegra en þeim sem gistu á svæðinu og þeim sem höfðu komið áður á svæðið þótti það aðgengilegra en þeim sem voru í sinni fyrstu heimsókn árið 2019.

4. tafla. Aðgengilegt svæði – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum.

| | | N | 1 Mjög afskekkt | 2 Fremur afskekkt | 3 Hvorki né | 4 Fremur aðgengileg | 5 Mjög aðgengileg | Meðaltal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **Alls** | **1231** | **1,9%** | **16,5%** | **23,3%** | **31,3%** | **27,0%** | **3,65** |
| * | Kona | 611 | | 15,7 | 22,6 | 31,4 | 29,1 | 2 |
| | Karl | 606 | | 17,2 | 24,4 | 31,0 | 24,6 | 7 |
| * | Yngri en 25 ára | 236 | 4,2 | 25,4 | 25,8 | 24,2 | 20,3 | 1 |
| | 25 til 34 ára | 331 | | 17,5 | 30,5 | 30,5 | 19,3 | 7 |
| | 35 til 44 ára | 199 | | 9,5 | 22,1 | 33,7 | 33,7 | 9 |
| | 45 til 54 ára | 198 | | 16,2 | 13,1 | 36,9 | 33,3 | 6 |
| | 55 til 64 ára | 145 | | 13,8 | 22,8 | 30,3 | 30,3 | 2 |
| | 65 ára eða eldri | 47 | | 10,6 | 14,9 | 42,6 | 31,9 | 6 |
| * | Ísland | 84 | | 14,3 | 21,4 | 27,4 | 35,7 | 2 |
| | Frakkland | 237 | | 20,3 | 24,5 | 27,4 | 26,6 | 8 |
| | Þýskaland | 188 | | 13,3 | 19,1 | 30,9 | 36,7 | 1 |
| | Belgía/Holland | 169 | | 16,6 | 24,3 | 36,7 | 20,1 | 6 |
| | USA/Canada | 97 | 3,1 | 16,5 | 22,7 | 32,0 | 25,8 | 1 |
| | Sviss/Austurríki | 95 | | 13,7 | 28,4 | 34,7 | 21,1 | 9 |
| | Ítalía/Spánn | 77 | | 19,5 | 27,3 | 29,9 | 22,1 | 2 |
| | Visegrád-lönd | 64 | | 14,1 | 29,7 | 37,5 | 18,8 | 1 |
| | Norðurlönd | 56 | 3,6 | 7,1 | 17,9 | 42,9 | 28,6 | 6 |
| | Önnur lönd | 149 | 5,4 | 18,8 | 21,5 | 25,5 | 28,9 | 4 |
| | Hópferðabíll | 580 | | 15,2 | 24,3 | 32,1 | 26,7 | 7 |
| | Bílaleigubíll | 336 | | 17,3 | 24,7 | 29,2 | 27,1 | 3 |
| | Eigin bíll | 131 | | 19,8 | 20,6 | 33,6 | 25,2 | 3 |
| | Fótgangandi | 89 | | 20,2 | 23,6 | 23,6 | 30,3 | 0 |
| | Annar ferðamáti | 43 | 4,7 | 14,0 | 14,0 | 41,9 | 25,6 | 0 |
| * | Fjölskylda/maki | 587 | | 18,7 | 23,2 | 32,4 | 23,9 | 8 |
| | Vinir/ættingjar | 279 | 2,5 | 16,5 | 27,2 | 25,1 | 28,7 | 1 |
| | kipulögð hópferð | 243 | | 12,3 | 21,4 | 34,2 | 31,3 | 3 |
| | Einn á ferð | 50 | | 8,0 | 24,0 | 30,0 | 36,0 | 0 |
| * | Dagsgestur | 448 | | 14,1 | 22,5 | 31,0 | 31,3 | 7 |
| | Næturgestur | 741 | | 17,4 | 23,9 | 31,4 | 24,7 | 8 |
| * | Komið áður | 261 | | 11,5 | 19,5 | 36,0 | 31,8 | 6 |
| | Ekki komið áður | 963 | | 17,7 | 24,4 | 30,0 | 25,8 | 0 |
| | Engin ganga | 43 | 7,0 | 16,3 | 20,9 | 27,9 | 27,9 | 3 |
| | 3 klst. eða styttri | 293 | | 13,7 | 22,5 | 33,8 | 28,3 | 3 |
| | 3,1 til 6 klst. | 358 | | 18,7 | 22,9 | 31,6 | 25,1 | 0 |
| | Lengri en 6 klst | 365 | | 16,7 | 24,9 | 31,5 | 24,9 | 1 |

### 5.2.2 Kyrrt svæði

Almennt þótti ferðafólki kyrrð ríkja yfir Landmannalaugum en árin 2000 og 2019 fannst um 70% svarenda svæðið vera fremur eða mjög kyrrt. Árið 2009 voru þeir hins vegar mun færri sem töldu svo vera, eða um 60% (16. mynd). Meðaltal ársins 2009 er marktækt lægra en áranna 2000 og 2019 (ANOVA próf: F = 9,708; p < 0,001).




16. mynd. Kyrrt svæði – þróun milli ára.

Árið 2019 var marktækur munur á viðhorfi til þess hversu kyrrt svæðið er annars vegar eftir þjóðerni svarenda og hins vegar eftir því hvort þeir gistu eða ekki (5. tafla). Ítölum og Spánverjum, auk Frakka, þótti það helst vera kyrrt en Belgar og Hollendingar töldu það frekar hávært. Dagsgestum þótti svæðið jafnframt kyrrara en þeim sem höfðu þar næturdvöl.

5. tafla. Kyrrt svæði – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum.

| | N | 1 Mjög hávært | 2 Fremur hávært | 3 Hvorki né | 4 Fremur kyrrt | 5 Mjög kyrrt | Meðaltal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Alls** | **1244** | **1,9%** | **7,3%** | **21,1%** | **36,2%** | **33,5%** | **3,92** |
| Kona | 621 | | 7,6 | 21,1 | 35,1 | 34,1 | 3,92 |
| Karl | 608 | | 7,2 | 21,1 | 36,7 | 33,2 | 3,92 |
| Yngri en 25 ára | 238 | | 8,0 | 22,3 | 39,1 | 28,2 | 3,82 |
| 25 til 34 ára | 337 | | 6,8 | 19,3 | 40,4 | 32,3 | 3,96 |
| 35 til 44 ára | 196 | 3,1 | 9,2 | 18,4 | 34,2 | 35,2 | 3,89 |
| 45 til 54 ára | 203 | 3,4 | 6,4 | 24,1 | 32,5 | 33,5 | 3,86 |
| 55 til 64 ára | 146 | | 6,8 | 22,6 | 34,9 | 35,6 | 3,99 |
| 65 ára eða eldri | 48 | | 6,3 | 22,9 | 31,3 | 37,5 | 3,96 |
| Ísland | 85 | | 7,1 | 21,2 | 30,6 | 40,0 | 4,01 |
| Frakkland | 237 | | 8,9 | 11,4 | 34,6 | 43,9 | 4,11 |
| Þýskaland | 189 | | 7,4 | 23,8 | 43,4 | 23,3 | 3,78 |
| Belgía/Holland | 169 | | 12,4 | 26,6 | 33,7 | 24,9 | 3,66 |
| * USA/Canada | 98 | 3,1 | 8,2 | 20,4 | 32,7 | 35,7 | 3,90 |
| Sviss/Austurríki | 95 | | 3,2 | 18,9 | 51,6 | 24,2 | 3,93 |
| Ítalía/Spánn | 78 | | 3,8 | 14,1 | 29,5 | 50,0 | 4,21 |
| Visegrád-lönd | 66 | | 4,5 | 24,2 | 39,4 | 31,8 | 3,98 |
| Norðurlönd | 58 | 3,4 | 3,4 | 31,0 | 27,6 | 34,5 | 3,86 |
| Önnur lönd | 154 | | 5,8 | 24,0 | 33,8 | 34,4 | 3,93 |
| Hópferðabíll | 585 | | 7,5 | 19,8 | 35,7 | 34,5 | 3,92 |
| Bílaleigubíll | 338 | | 6,2 | 20,4 | 37,3 | 35,2 | 4,00 |
| Eigin bíll | 132 | 3,0 | 8,3 | 18,9 | 40,2 | 29,5 | 3,85 |
| Fótgangandi | 92 | 3,3 | 7,6 | 33,7 | 29,3 | 26,1 | 3,67 |
| Annar ferðamáti | 42 | | 9,5 | 26,2 | 33,3 | 31,0 | 3,86 |
| Fjölskylda/maki | 589 | | 6,5 | 20,0 | 39,2 | 32,6 | 3,95 |
| Vinir/ættingjar | 284 | | 4,9 | 23,9 | 34,2 | 35,6 | 3,98 |
| Skipulögð hópferð | 247 | 3,6 | 10,9 | 20,2 | 30,8 | 34,4 | 3,81 |
| Einn á ferð | 50 | | 10,0 | 24,0 | 32,0 | 32,0 | 3,82 |
| * Dagsgestur | 457 | | 5,7 | 19,0 | 35,0 | 39,4 | 4,06 |
| Næturgestur | 745 | | 8,3 | 22,6 | 36,2 | 30,5 | 3,84 |
| Komið áður | 267 | | 9,7 | 24,0 | 36,0 | 29,6 | 3,84 |
| Ekki komið áður | 969 | | 6,6 | 20,3 | 36,4 | 34,4 | 3,94 |
| Engin ganga | 45 | | 4,4 | 26,7 | 35,6 | 31,1 | 3,89 |
| 3 klst. eða styttri | 295 | | 5,8 | 19,7 | 36,6 | 36,6 | 4,01 |
| 3,1 til 6 klst. | 362 | | 7,5 | 19,1 | 39,8 | 32,6 | 3,95 |
| Lengri en 6 klst | 369 | | 7,3 | 23,0 | 35,0 | 32,5 | 3,88 |

### 5.2.3 Hreint svæði

Svæðið þótti fremur hreint öll árin sem könnunin var gerð. Árið 2000 sögðu 60% að svæðið væri mjög hreint en talsvert lægra hlutfall árið 2009, eða 50% (17. mynd). Hlutfallið hafði aftur hækkað í 54% árið 2019. Munur milli ára hvað þetta varðar er naumlega marktækur (ANOVA próf: F = 3,202; p = 0,041).




17. mynd. Hreint svæði – þróun milli ára.

Lítill munur var eftir hópum á því hversu hreint þeim þótti svæðið vera. Þeir sem ferðuðust með vinum eða ættingjum eða voru einir á ferð töldu svæðið hreinna en þeir sem voru í hópferðum eða ferðuðust með fjölskyldum sínum eða maka (6. tafla). Jafnframt þótti dagsgestum svæðið hreinna en þeim sem gistu.

6. tafla. Hreint svæði – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum.

| | | N | 1 Mjög sóðalegt | 2 Fremur sóðalegt | 3 Hvorki né | 4 Fremur hreint | 5 Mjög hreint | Meðaltal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **Alls** | **1247** | **0,7%** | **2,7%** | **10,7%** | **31,8%** | **54,0%** | **4,36** |
| | Kona | 620 | | | 11,8 | 27,3 | 57,9 | 4,39 |
| | Karl | 612 | | 3,1 | 9,5 | 36,1 | 50,5 | 4,32 |
| | Yngri en 25 ára | 236 | | 3,4 | 13,1 | 32,6 | 49,6 | 4,26 |
| | 25 til 34 ára | 335 | | | 11,0 | 30,7 | 55,5 | 4,39 |
| | 35 til 44 ára | 198 | | | 12,1 | 33,3 | 52,0 | 4,34 |
| | 45 til 54 ára | 202 | | | 7,9 | 31,2 | 58,4 | 4,45 |
| | 55 til 64 ára | 149 | | 4,7 | 7,4 | 32,9 | 54,4 | 4,36 |
| | 65 ára eða eldri | 51 | | 3,9 | 11,8 | 27,5 | 56,9 | 4,37 |
| | Ísland | 85 | | | 12,9 | 27,1 | 58,8 | 4,44 |
| | Frakkland | 235 | | | 9,8 | 31,1 | 56,2 | 4,40 |
| | Þýskaland | 190 | | | 11,6 | 31,6 | 55,3 | 4,40 |
| | Belgía/Holland | 171 | | 6,4 | 12,9 | 36,8 | 42,7 | 4,13 |
| | USA/Canada | 99 | | | 11,1 | 40,4 | 47,5 | 4,34 |
| | Sviss/Austurríki | 95 | | | 6,3 | 32,6 | 57,9 | 4,44 |
| | Ítalía/Spánn | 78 | | | 9,0 | 24,4 | 62,8 | 4,44 |
| | Visegrád-lönd | 66 | | 4,5 | 4,5 | 31,8 | 57,6 | 4,39 |
| | Norðurlönd | 58 | | | 8,6 | 36,2 | 53,4 | 4,41 |
| | Önnur lönd | 155 | | 3,9 | 12,9 | 24,5 | 58,7 | 4,38 |
| | Hópferðabíll | 589 | | | 8,0 | 32,3 | 56,7 | 4,42 |
| | Bílaleigubíll | 334 | | 3,6 | 13,2 | 31,1 | 51,8 | 4,31 |
| | Eigin bíll | 133 | | | 12,0 | 36,1 | 48,1 | 4,27 |
| | Fótgangandi | 91 | | | 18,7 | 27,5 | 51,6 | 4,29 |
| | Annar ferðamáti | 43 | | 4,7 | 9,3 | 30,2 | 55,8 | 4,37 |
| | Fjölskylda/maki | 590 | | | 11,0 | 35,6 | 50,7 | 4,34 |
| * | Vinir/ættingjar | 283 | | | 9,2 | 28,3 | 60,8 | 4,48 |
| | Skipulögð hópferð | 248 | | 6,0 | 11,7 | 28,2 | 52,8 | 4,25 |
| | Einn á ferð | 50 | | | 10,0 | 20,0 | 70,0 | 4,60 |
| * | Dagsgestur | 456 | | | 7,2 | 26,3 | 64,7 | 4,53 |
| | Næturgestur | 747 | | 3,7 | 12,9 | 35,2 | 47,4 | 4,25 |
| | Komið áður | 264 | | 3,0 | 11,0 | 31,1 | 54,2 | 4,35 |
| | Ekki komið áður | 975 | | | 10,5 | 31,9 | 54,3 | 4,36 |
| | Engin ganga | 45 | | | 15,6 | 40,0 | 44,4 | 4,29 |
| | 3 klst. eða styttri | 295 | | | 10,2 | 30,5 | 57,3 | 4,43 |
| | 3,1 til 6 klst. | 363 | | | 9,1 | 29,8 | 57,3 | 4,39 |
| | Lengri en 6 klst | 368 | | 3,8 | 11,1 | 34,8 | 49,5 | 4,28 |

### 5.2.4 Öruggt svæði

Árin 2000 og 2009 töldu 65-67% svæðið vera fremur eða mjög öruggt en árið 2019 hafði þeim fjölgað í 89% sem töldu svo vera (18. mynd). Meðaltal ársins 2019 er marktækt hærra en áranna 2000 og 2009 (ANOVA próf: $F = 114{,}457$; $p < 0{,}001$).




18. mynd. Öruggt svæði – þróun milli ára.

Svarendum yngri en 35 ára og eldri en 64 ára þótti svæðið síður öruggt en öðrum aldurshópum árið 2019 (7. tafla). Sömuleiðis þótti Þjóðverjum, Belgum/Hollendingum og Ítölum/Spánverjum svæðið ekki jafn öruggt og svarendum frá öðrum löndum. Þeir sem komu á svæðið á hópferðabíl eða fótgangandi töldu svæðið síður öruggt en þeim sem notuðu annan ferðamáta og þeir sem voru í sinni fyrstu heimsókn voru ekki jafn öruggir á svæðinu og þeir sem höfðu komið þangað áður.

7. tafla. Öruggt svæði – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum.

| | | N | 1 Mjög óöruggt | 2 Fremur óöruggt | 3 Hvorki né | 4 Fremur öruggt | 5 Mjög öruggt | Meðaltal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **Alls** | **1246** | **0,4%** | **1,5%** | **9,1%** | **26,6%** | **62,4%** | **4,49** |
| | Kona | 621 | | | 9,3 | 27,2 | 62,0 | 4,50 |
| | Karl | 610 | | | 8,7 | 25,7 | 63,1 | 4,49 |
| * | Yngri en 25 ára | 237 | | | 15,6 | 25,3 | 56,1 | 4,33 |
| * | 25 til 34 ára | 335 | | | 8,1 | 28,4 | 60,9 | 4,47 |
| * | 35 til 44 ára | 198 | | | 6,6 | 28,8 | 64,6 | 4,58 |
| * | 45 til 54 ára | 203 | | | 7,9 | 22,7 | 68,0 | 4,57 |
| * | 55 til 64 ára | 148 | | | 6,1 | 27,7 | 65,5 | 4,58 |
| * | 65 ára eða eldri | 51 | | 3,9 | 9,8 | 23,5 | 62,7 | 4,45 |
| * | Ísland | 84 | | | | 21,4 | 73,8 | 4,67 |
| * | Frakkland | 235 | | | 8,1 | 20,9 | 69,8 | 4,59 |
| * | Þýskaland | 190 | | | 11,1 | 31,1 | 54,7 | 4,37 |
| * | Belgía/Holland | 172 | | | 14,0 | 35,5 | 49,4 | 4,33 |
| * | USA/Canada | 99 | | | 6,1 | 21,2 | 72,7 | 4,67 |
| * | Sviss/Austurríki | 95 | | | 4,2 | 25,3 | 69,5 | 4,62 |
| * | Ítalía/Spánn | 77 | | | 15,6 | 32,5 | 50,6 | 4,31 |
| * | Visegrád-lönd | 66 | | | 4,5 | 19,7 | 74,2 | 4,67 |
| * | Norðurlönd | 59 | | 3,4 | 6,8 | 27,1 | 62,7 | 4,49 |
| * | Önnur lönd | 156 | | 3,2 | 10,3 | 24,4 | 61,5 | 4,43 |
| * | Hópferðabíll | 587 | | | 9,5 | 30,5 | 57,6 | 4,43 |
| * | Bílaleigubíll | 336 | | | 7,4 | 26,2 | 66,1 | 4,58 |
| * | Eigin bíll | 133 | | 3,8 | 5,3 | 24,1 | 66,9 | 4,54 |
| * | Fótgangandi | 90 | | | 16,7 | 18,9 | 62,2 | 4,41 |
| * | Annar ferðamáti | 43 | | | 14,0 | 16,3 | 69,8 | 4,56 |
| | Fjölskylda/maki | 592 | | | 8,8 | 26,2 | 63,3 | 4,51 |
| | Vinir/ættingjar | 283 | | | 8,8 | 24,4 | 64,0 | 4,49 |
| | Skipulögð hópferð | 245 | | | 11,0 | 32,2 | 55,5 | 4,42 |
| | Einn á ferð | 51 | | | 5,9 | 19,6 | 72,5 | 4,63 |
| | Dagsgestur | 456 | | | 9,9 | 26,8 | 61,2 | 4,46 |
| | Næturgestur | 747 | | | 8,6 | 26,4 | 63,3 | 4,51 |
| * | Komið áður | 262 | | | 4,2 | 25,2 | 69,1 | 4,61 |
| * | Ekki komið áður | 976 | | | 10,2 | 26,8 | 60,9 | 4,46 |
| | Engin ganga | 44 | | | 22,7 | 25,0 | 50,0 | 4,23 |
| | 3 klst. eða styttri | 296 | | | 9,8 | 26,7 | 61,5 | 4,47 |
| | 3,1 til 6 klst. | 363 | | | 6,6 | 28,9 | 62,8 | 4,53 |
| | Lengri en 6 klst | 368 | | | 8,4 | 24,2 | 65,8 | 4,54 |

### 5.2.5 Náttúrulegt svæði

Árin 2000 og 2009 þótti á bilinu 58-59% svarenda svæðið vera fremur eða mjög náttúrulegt, en 20-22% töldu það vera mjög eða fremur manngert (19. mynd). Árið 2019 höfðu orðið miklar breytingar á þessu en þá þótti 95% svarenda svæðið vera fremur eða mjög náttúrulegt, þar af töldu rúm 74% það vera mjög náttúrulegt. Meðaltalið var því marktækt hærra 2019 en hin árin (ANOVA próf: $F = 324{,}766$; $p < 0{,}001$).




19. mynd. Náttúrulegt svæði – þróun milli ára.

Árið 2019 var lítill munur eftir hópum á því hversu náttúrulegt svarendum þótti svæðið vera. Gestum frá Visegrád-löndunum (Póllandi, Tékklandi, Slóvakíu og Ungverjalandi) þótti svæðið náttúrulegra en svarendum af öðru þjóðerni en aftur á móti töldu Belgar og Hollendingar það síst náttúrulegt (8. tafla). Þá þótti dagsgestum svæðið náttúrulegra en næturgestum.

8. tafla. Náttúrulegt svæði – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum.

| | | N | 1 Mjög manngert | 2 Fremur manngert | 3 Hvorki né | 4 Fremur náttúrulegt | 5 Mjög náttúrulegt | Meðaltal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **Alls** | **1265** | **0,1%** | **1,2%** | **3,6%** | **22,8%** | **72,4%** | **4,66** |
| | Kona | 627 | | | | 22,0 | 74,2 | 4,69 |
| | Karl | 623 | | | 4,3 | 23,6 | 70,8 | 4,64 |
| | Yngri en 25 ára | 240 | | | | 29,6 | 67,1 | 4,63 |
| | 25 til 34 ára | 337 | | | 5,0 | 24,0 | 70,3 | 4,64 |
| | 35 til 44 ára | 199 | | | 4,0 | 21,6 | 72,9 | 4,66 |
| | 45 til 54 ára | 206 | | | 3,9 | 21,4 | 71,8 | 4,62 |
| | 55 til 64 ára | 150 | | | 3,3 | 20,0 | 76,7 | 4,73 |
| | 65 ára eða eldri | 56 | | 3,6 | | 8,9 | 83,9 | 4,70 |
| | Ísland | 84 | | | | 19,0 | 77,4 | 4,73 |
| | Frakkland | 241 | | | | 23,2 | 74,3 | 4,71 |
| | Þýskaland | 196 | | | | 23,0 | 73,5 | 4,69 |
| | Belgía/Holland | 170 | | | 4,7 | 27,6 | 64,7 | 4,54 |
| * | USA/Canada | 100 | | 3,0 | | 29,0 | 65,0 | 4,56 |
| | Sviss/Austurríki | 97 | | | 4,1 | 24,7 | 70,1 | 4,64 |
| | Ítalía/Spánn | 77 | | | 5,2 | 20,8 | 74,0 | 4,69 |
| | Visegrád-lönd | 66 | | | 3,0 | 10,6 | 86,4 | 4,83 |
| | Norðurlönd | 62 | | | 11,3 | 17,7 | 69,4 | 4,55 |
| | Önnur lönd | 156 | | | | 19,9 | 76,3 | 4,71 |
| | Hópferðabíll | 595 | | | 3,7 | 23,0 | 72,3 | 4,67 |
| | Bílaleigubíll | 343 | | | | 21,0 | 75,8 | 4,72 |
| | Eigin bíll | 133 | | | 3,8 | 24,1 | 69,9 | 4,62 |
| | Fótgangandi | 91 | | 3,3 | 7,7 | 18,7 | 70,3 | 4,56 |
| | Annar ferðamáti | 44 | | | 4,5 | 20,5 | 75,0 | 4,70 |
| | Fjölskylda/maki | 601 | | | 3,2 | 22,5 | 73,0 | 4,67 |
| | Vinir/ættingjar | 285 | | | | 20,4 | 76,1 | 4,72 |
| | Skipulögð hópferð | 248 | | | 4,8 | 23,4 | 70,2 | 4,62 |
| | Einn á ferð | 52 | | | 5,8 | 23,1 | 71,2 | 4,65 |
| * | Dagsgestur | 461 | | | 3,0 | 18,2 | 78,3 | 4,74 |
| | Næturgestur | 760 | | | 3,9 | 25,1 | 69,3 | 4,62 |
| | Komið áður | 271 | | | 4,4 | 25,1 | 69,7 | 4,64 |
| | Ekki komið áður | 986 | | | 3,3 | 22,1 | 73,2 | 4,67 |
| | Engin ganga | 46 | | | 10,9 | 23,9 | 65,2 | 4,54 |
| | 3 klst. eða styttri | 297 | | | | 24,9 | 72,1 | 4,68 |
| | 3,1 til 6 klst. | 371 | | | 3,0 | 20,2 | 76,0 | 4,71 |
| | Lengri en 6 klst | 371 | | | 3,5 | 24,3 | 70,6 | 4,64 |

### 5.2.6 Fallegt svæði

Svæðið þótti mjög fallegt öll árin sem könnunin var gerð. Árin 2000 og 2009 sögðu 91-92% að svæðið væri fremur eða mjög fallegt en hlutfallið hafði hækkað í rúm 98% árið 2019 (20. mynd). Marktækur munur var á meðaltali ársins 2019 og áranna 2000 og 2009 (ANOVA próf: F= 22,693; p < 0,001).




20. mynd. Fallegt svæði – þróun milli ára.

Ekki var mikill munur á viðhorfi eftir hópum árið 2019. Svarendum frá Visegrád-löndunum (Póllandi, Tékklandi, Slóvakíu og Ungverjalandi) þótti svæðið helst vera fallegt en Þjóðverjum og Belgum/Hollendingum síst (9. tafla). Þeir sem voru á eigin bíl eða tilheyrðu flokknum „annar ferðamáti“ (mótorhjól, reiðhjól o.fl.) voru líklegastir til að telja svæðið fallegt, en göngumenn ólíklegastir. Þeir sem höfðu komið á svæðið áður töldu svæðið fallegra en þeir sem voru í sinni fyrstu heimsókn í Landmannalaugar.

9. tafla. Fallegt svæði – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum.

| | | N | 1 Mjög ljótt | 2 Fremur ljótt | 3 Hvorki né | 4 Fremur fallegt | 5 Mjög fallegt | Meðaltal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **Alls** | **1096** | **0,2%** | **0,5%** | **1,2%** | **11,5%** | **86,6%** | **4,84** |
| | Kona | 631 | | | | 10,5 | 88,0 | 4,86 |
| | Karl | 619 | | | | 12,3 | 85,8 | 4,83 |
| | Yngri en 25 ára | 241 | | | | 14,9 | 83,0 | 4,80 |
| | 25 til 34 ára | 337 | | | | 10,1 | 88,1 | 4,85 |
| | 35 til 44 ára | 199 | | | | 9,5 | 88,9 | 4,86 |
| | 45 til 54 ára | 206 | | | | 11,7 | 85,9 | 4,82 |
| | 55 til 64 ára | 152 | | | | 11,8 | 86,8 | 4,85 |
| | 65 ára eða eldri | 55 | | | | 10,9 | 85,5 | 4,78 |
| | Ísland | 85 | | | | | 95,3 | 4,92 |
| | Frakkland | 239 | | | | 9,2 | 89,5 | 4,88 |
| | Þýskaland | 195 | | | | 16,9 | 81,5 | 4,79 |
| | Belgía/Holland | 172 | | | | 15,7 | 81,4 | 4,76 |
| * | USA/Canada | 102 | | | | 5,9 | 92,2 | 4,87 |
| | Sviss/Austurríki | 97 | | | | 10,3 | 87,6 | 4,86 |
| | Ítalía/Spánn | 79 | | | 3,8 | 16,5 | 78,5 | 4,71 |
| | Visegrád-lönd | 67 | | | | 6,0 | 94,0 | 4,94 |
| | Norðurlönd | 59 | | | | 13,6 | 84,7 | 4,83 |
| | Önnur lönd | 156 | | | | 9,6 | 89,1 | 4,88 |
| | Hópferðabíll | 598 | | | | 13,9 | 83,9 | 4,81 |
| | Bílaleigubíll | 342 | | | | 10,5 | 88,3 | 4,87 |
| * | Eigin bíll | 134 | | | | 5,2 | 93,3 | 4,91 |
| | Fótgangandi | 91 | | | | 12,1 | 84,6 | 4,77 |
| | Annar ferðamáti | 43 | | | | 7,0 | 93,0 | 4,93 |
| | Fjölskylda/maki | 602 | | | | 12,0 | 85,9 | 4,83 |
| | Vinir/ættingjar | 286 | | | | 8,4 | 90,2 | 4,87 |
| | Skipulögð hópferð | 251 | | | | 14,3 | 83,7 | 4,80 |
| | Einn á ferð | 50 | | | | 4,0 | 96,0 | 4,96 |
| | Dagsgestur | 466 | | | | 9,7 | 88,2 | 4,84 |
| | Næturgestur | 756 | | | | 12,2 | 86,1 | 4,84 |
| * | Komið áður | 270 | | | | 9,3 | 90,4 | 4,90 |
| | Ekki komið áður | 988 | | | | 11,9 | 85,7 | 4,82 |
| | Engin ganga | 47 | | | 4,3 | 21,3 | 74,5 | 4,70 |
| | 3 klst. eða styttri | 302 | | | | 11,6 | 87,1 | 4,85 |
| | 3,1 til 6 klst. | 371 | | | | 9,4 | 89,2 | 4,87 |
| | Lengri en 6 klst | 372 | | | | 11,3 | 87,4 | 4,86 |

## 5.3 Aðdráttarafl svæðisins

Þátttakendur árið 2019 voru beðnir að tilgreina hvað þeim þætti aðalaðdráttarafl Landmannalaugasvæðisins vera. Spurningin var opin og svörin flokkuð eftir á. Rúmlega helmingur svarenda nefndi landslag, náttúru og útsýni og rúmur fimmtungur nefndi litríku fjöllin á svæðinu (21. mynd). Nokkuð var einnig um að gönguleiðir, náttúrulaugar og jarðhiti eða jarðfræði væri nefnt. Annað sem var nefnt voru litir í landslaginu, gönguleiðin um Laugaveginn, kyrrð og víðerni og innviðir og þjónusta.




21. mynd. Aðalaðdráttarafl svæðisins að mati svarenda 2019.

Þessi viðhorf endurspegluðust vel í viðtölunum og voru viðmælendur sammála um að fjölbreytt og falleg náttúra væri helsta aðdráttarafl Landmannalauga. Kona frá Þýskalandi sagði t.d.:

> Ég kann vel við fjölbreytileika náttúrunna hér, líka á Laugaveginum. Maður er með nokkra jökla sér við hlið og getur gengið á ís, maður er með öræfi inn á milli. Það breytist mjög oft á svona fáum dögum. Maður getur upplifað mjög margt hér. Svo það er þess vegna sem ég held að ég kunni vel við það. Og svo er auðvitað frábært ef maður kemur fyrst hingað til að baða sig og fer síðan í göngu.

Karlmaður frá Noregi taldi landslagið einnig vera einstakt: „Það er mikið af landslagi hér sem maður kemur ekki til með að sjá í mörgum öðrum löndum í Evrópu.“ Ferðafélagi hans frá Belgíu gekk skrefinu lengra og sagði: „Maður fær svona landslag hvergi annar staðar.“ Margir viðmælendur voru búnir að skoða myndir af Landmannalaugum áður en þeir komu til Íslands og oft á tíðum voru það litríku fjöllin sem stóðu upp úr. Karlmaður frá Hollandi sagði til að mynda: „Við leituðum bara á Google og sáum myndir af litríku fjöllunum og það var nógu sannfærandi þannig að við vildum taka útúrdúr hingað.“

Fjölbreyttar og fallegar gönguleiðir voru að mati viðmælenda einnig mikilvægur hluti af aðdráttarafli Landmannalauga. Flestir nefndu að þeir væru að sækjast í að upplifa kyrrð og ró sem fengist með því að ganga um svæðið. Kona frá Slóvakíu sagði: „Til þess fer maður í gönguferðir. Að fara eitthvert þar sem er hljóðlátt og fallegt og það er kyrrð. Ég get bara gengið og hugsað um hluti og notið golunnar og þannig. Tími fyrir sjálfa mig

og mínar hugsanir.“ Kona frá Frakklandi greindi frá því að hún hefði komið til Íslands fyrst og fremst til þess að fara í gönguferðir og sagði það hafa legið beint við að fara í Landmannalaugar og ganga Laugaveginn:

> Það var augljóst út frá fólki sem hafði upplifað það, og út frá netinu og ferðabókum. Allir segja að þetta sé besta gönguleiðin á Íslandi og eitt fallegasta landslag í heiminum. Þannig að við sögðum, ef það er bara eitt sem við verðum að ákveða að við gerum, þá er það þetta.

Aðgengi hafði einnig áhrif á áform viðmælenda um að heimsækja Landmannalaugar. Kona frá Slóvakíu lýsti því að vinir hennar sem áður höfðu komið til Íslands hefðu mælt með að ferðast um hálendið:

> Þeir sögðu klárlega hálendið, það væri fallegasti partur Íslands. En mig langaði ekki að fara í fjögurra daga gönguna því að ég hef sennilega ekki getuna í það svo að ég spurði hvert ég gæti farið og þau sögðu mér að rútan færi í Þórsmörk og Landmannalaugar. […] Og gönguleiðirnar eru ekki svo erfiðar þannig að það er auðvelt fyrir börn og eldra fólk. Þannig að af hverju ekki?

Hún bætti síðan við:

> En þetta [vegirnir í Landmannalaugar] er smá sérstakt fyrir túristana af því að það getur ekki hver sem er komið hingað. Allt fólkið er á Gullna hringnum og hér er ekki svona mannmergð. Það er indælt.

Misjafnt var hvort að viðmælendur töldu aðgengi að Landmannalaugum gott eða slæmt. Þeir viðmælendur sem skynjuðu svæðið sem afskekkt töldu slæmt aðgengi og vonda vegi vera jákvætt fyrir upplifunina og fyrir svæðið. Karlmaður frá Frakklandi sagði t.d.: „Maður verður að fara grófa vegi og það bætir upplifunina.“ Almennt töldu viðmælendur það kost að það væru færri ferðamenn í Landmannalaugum en á áfangastöðum á láglendinu. Þetta er þó allt afstætt því að einn viðmælandi sem var nýkomin úr gönguferð á Hornströndum kom í Landmannalaugar og gekk Laugaveginn sérstaklega í þeim tilgangi að hitta aðra ferðamenn:

> Ég hafði áhuga á landslaginu og ég þarf ekki alltaf að vera í víðernum. Útsýnið heillaði mig og mig langaði reyndar að fara í gönguferð með aðeins fleira fólki. Ég er búin að fara í eina gönguferð um Hornstrandir þar sem ég mætti engu fólki. Í þetta skiptið var frekar indælt að spjalla við eitthvert fólk.

### 5.3.1 Víðernisupplifun



22. mynd. Víðerni hluti af aðdráttarafli svæðisins.

Ferðamennirnir voru sérstaklega spurðir hvort þeir teldu víðerni vera hluta af aðdráttarafli svæðisins. Hlutfall þeirra sem sögðu að víðerni væru hluti af aðdráttarafli svæðisins var 90% (eða hærra) öll árin en hlutfallið var hæst 94% árið 2019 (22. mynd). Hlutfall þeirra sem fannst víðerni ekki vera hluti af aðdráttaraflinu var um 3% árin 2000 og 2009 en 2% árið 2019. Árið 2000 sögðust 7% ekki hafa skoðun á þessu 5% árið 2009 og 4% árið 2019.

Árið 2019 sagði hærra hlutfall karla (95%) en kvenna (93%) að víðerni væru hluti af aðdráttarafli svæðisins (10. tafla). Færri úr hópi svarenda yngri en 35 ára og 65 ára eða eldri ára töldu víðerni hluta af aðdráttarafli staðarins en hópum á aldrinum 35 til 64 ára. Íbúum Visegrád-landanna (Póllandi, Tékkland, Slóvakíu og Ungverjalandi) og Íslendingum fundust víðerni síður hluti af aðdráttarafli staðarins en öðrum þjóðernum og þeir sem voru einir á ferð töldu síður að víðerni væru hluti af aðdráttaraflinu en þeir sem ferðuðust með öðrum. Jafnframt fannst þeim sem gengu ekki um svæðið mun síður að víðerni væru hluti af aðdráttarafli staðarins en þeim sem gengu um svæðið.

10. tafla. Víðerni hluti af aðdráttarafli svæðisins – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum.

| | N | Já | Enga skoðun | Nei |
|---|---|---|---|---|
| **Alls** | **1176** | **93,9%** | **4,0%** | **2,1%** |
| Kona | 584 | 93,2 | 4,5 | |
| Karl | 581 | 95,0 | | |
| Yngri en 25 ára | 225 | 92,0 | 6,7 | |
| 25 til 34 ára | 306 | 91,8 | 6,2 | |
| 35 til 44 ára | 190 | 94,2 | | |
| 45 til 54 ára | 196 | 96,9 | | |
| 55 til 64 ára | 143 | 96,5 | | |
| 65 ára eða eldri | 50 | 92,0 | 4,0 | |
| Ísland | 80 | 87,5 | 10,0 | |
| Frakkland | 235 | 98,3 | | |
| Þýskaland | 185 | 96,8 | | |
| Belgía/Holland | 160 | 94,4 | | |
| USA/Canada | 91 | 94,5 | | |
| Sviss/Austurríki | 92 | 96,7 | | |
| Ítalía/Spánn | 66 | 92,4 | 4,5 | |
| Visegrád-lönd | 56 | 83,9 | 12,5 | |
| Norðurlönd | 60 | 96,7 | | |
| Önnur lönd | 136 | 89,0 | 8,1 | |
| Hópferðabíll | 581 | 95,5 | | |
| Bílaleigubíll | 329 | 93,6 | 4,0 | |
| Eigin bíll | 129 | 90,7 | 7,0 | |
| Fótgangandi | 90 | 92,2 | 5,6 | |
| Annar ferðamáti | 42 | 90,5 | 7,1 | |
| Fjölskylda/maki | 579 | 94,3 | | |
| Vinir/ættingjar | 281 | 94,7 | 4,6 | |
| Skipulögð hópferð | 243 | 93,4 | 4,1 | |
| Einn á ferð | 50 | 90,0 | 6,0 | |
| Dagsgestur | 416 | 92,5 | 4,8 | |
| Næturgestur | 721 | 94,3 | | |
| Komið áður | 259 | 93,4 | | |
| Ekki komið áður | 911 | 94,1 | 4,1 | |
| Engin ganga | 41 | 85,4 | 9,8 | 4,9 |
| 3 klst. eða styttri | 268 | 94,0 | | |
| 3,1 til 6 klst. | 345 | 93,9 | 4,1 | |
| Lengri en 6 klst | 358 | 94,1 | | |

## 5.3.2 Mannleg ummerki í víðernum

Í kjölfarið var spurt hvaða mannleg ummerki mættu vera til staðar án þess að hugtakið víðerni glataði merkingu sinni. Meirihluti svarenda öll árin taldi fjallaskála mega vera til staðar í víðernum, en hlutfall þeirra lækkaði þó úr 89% árin 2000 og 2009 í 70% árið (23. mynd). Flestum fannst einnig að stígar myndaðir af göngumönnum og sauðfé gætu verið til staðar í víðernum. Meirihluta svarenda fannst jafnframt lagðir göngustígar geta verið til staðar án þess að hugtakið víðerni glataði merkingu sinni. Á bilinu 69-70% töldu vegslóða mega vera til staðar í víðernum árin 2000 og 2009 en árið 2019 hafði hlutfallið lækkað mikið, eða í 31%. Það sem síst má vera til staðar í víðernum án þess að þau glati merkingu sinni eru hótel eða gistihús, ummerki um utanvegaakstur, stíflumannvirki og rafmagnslínur.




23. mynd. Mannleg ummerki sem geta verið til staðar án þess að víðerni glati merkingu sinni.

## 5.4 Viðhorf til fjölda ferðamanna og ökutækja

Í könnuninni árin 2000 og 2009 var spurt um viðhorf svarenda til fjölda ferðamanna almennt á svæðinu. Í könnuninni 2019 var þessi spurning endurtekin og fleiri þáttum bætt við: Viðhorfi til fjölda göngumanna, hestamanna, hópbifreiða og fólksbifreiða, auk mótorhjóla og fjórhjóla. Af þessum þáttum þótti fjöldi ferðamanna almennt helst vera of mikill en fjöldi fólksbifreiða og hópferðabifreiða þótti einnig heldur mikill (24. mynd). Fjöldi göngumanna og mótorhjóla eða fjórhjóla þótti hæfilegur og hestamenn þóttu heldur fáir á svæðinu.




24. mynd. Viðhorf til fjölda ferðamanna og ökutækja 2019 – yfirlit.

### 5.4.1 Viðhorf til fjölda ferðamanna almennt

Sífellt fleiri telja of mikinn fjölda ferðamanna í Landmannalaugum. Hlutfall þeirra sem taldi fjölda ferðamanna heldur mikinn eða of mikinn árið 2000 var 22% árið 2000, 32% árið 2009 og 48% árið 2019 (25. mynd). Marktækur munur var á meðaltölum milli allra ára (ANOVA próf: F= 46,072; p < 0,001).




25. mynd. Viðhorf til fjölda ferðamanna almennt – þróun milli ára.

Svisslendingar og Austurríkismenn voru sá hópur árið 2019 sem helst fannst vera of margir ferðamenn í Landmannalaugum og þar næst Þjóðverjar (11. tafla). Þeim sem gistu á svæðinu fannst fjöldi ferðamanna frekar vera of mikill en þeim sem voru í dagsferðum og þeim sem höfðu komið á svæðið áður þótti fjöldinn frekar vera of mikill en þeim sem voru í sinni fyrstu heimsókn. Jafnframt þótti svarendum sem gengu ekki um svæðið fjöldi ferðamanna síður vera mikill en þeim sem gengu um svæðið.

11. tafla. Viðhorf til fjölda ferðamanna almennt – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum.

| | | N | 1 Of fáir | 2 Heldur fáir | 3 Hæfilegur | 4 Heldur margir | 5 Of margir | Meðaltal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **Alls** | **1247** | **0,4%** | **1,6%** | **49,8%** | **30,2%** | **18,0%** | **3,64** |
| | Kona | 611 | | | 49,3 | 29,0 | 20,0 | 3,67 |
| | Karl | 620 | | | 50,0 | 31,9 | 16,0 | 3,61 |
| | Yngri en 25 ára | 237 | | | 45,1 | 39,2 | 14,8 | 3,68 |
| | 25 til 34 ára | 330 | | | 53,6 | 28,5 | 15,5 | 3,57 |
| | 35 til 44 ára | 198 | | | 49,0 | 28,3 | 20,7 | 3,68 |
| | 45 til 54 ára | 203 | | | 47,3 | 29,6 | 21,7 | 3,71 |
| | 55 til 64 ára | 150 | | | 51,3 | 27,3 | 18,7 | 3,60 |
| | 65 ára eða eldri | 52 | | | 59,6 | 19,2 | 19,2 | 3,56 |
| | Ísland | 81 | | | 61,7 | 23,5 | 14,8 | 3,53 |
| | Frakkland | 239 | | | 50,6 | 30,5 | 17,2 | 3,63 |
| | Þýskaland | 192 | | | 41,7 | 29,2 | 27,6 | 3,83 |
| | Belgía/Holland | 171 | | | 49,7 | 32,2 | 17,0 | 3,65 |
| * | USA/Canada | 96 | | | 55,2 | 27,1 | 16,7 | 3,59 |
| | Sviss/Austurríki | 93 | | | 31,2 | 41,9 | 25,8 | 3,92 |
| | Ítalía/Spánn | 79 | | 3,8 | 60,8 | 19,0 | 15,2 | 3,43 |
| | Visegrád-lönd | 65 | | 6,2 | 53,8 | 29,2 | 10,8 | 3,45 |
| | Norðurlönd | 62 | | | 48,4 | 33,9 | 17,7 | 3,69 |
| | Önnur lönd | 152 | | | 55,9 | 30,3 | 10,5 | 3,47 |
| | Hópferðabíll | 595 | | | 50,3 | 30,3 | 17,0 | 3,61 |
| | Bílaleigubíll | 335 | | | 50,4 | 31,0 | 17,0 | 3,63 |
| | Eigin bíll | 131 | | | 49,6 | 26,7 | 22,9 | 3,72 |
| | Fótgangandi | 90 | | 3,3 | 40,0 | 34,4 | 22,2 | 3,76 |
| | Annar ferðamáti | 43 | | | 53,5 | 27,9 | 18,6 | 3,65 |
| | Fjölskylda/maki | 595 | | | 53,4 | 28,6 | 17,0 | 3,62 |
| | Vinir/ættingjar | 281 | | | 50,5 | 30,2 | 16,7 | 3,61 |
| | Skipulögð hópferð | 248 | | | 43,1 | 32,7 | 20,6 | 3,69 |
| | Einn á ferð | 50 | | | 38,0 | 36,0 | 24,0 | 3,82 |
| * | Dagsgestur | 453 | | | 60,7 | 23,4 | 13,5 | 3,47 |
| | Næturgestur | 752 | | | 43,0 | 34,3 | 21,0 | 3,74 |
| * | Komið áður | 270 | | | 48,1 | 27,4 | 24,1 | 3,75 |
| | Ekki komið áður | 969 | | | 50,4 | 31,2 | 16,1 | 3,61 |
| | Engin ganga | 48 | | 4,2 | 62,5 | 25,0 | 6,3 | 3,29 |
| * | 3 klst. eða styttri | 284 | | | 55,6 | 26,1 | 15,8 | 3,55 |
| | 3,1 til 6 klst. | 372 | | | 51,9 | 28,5 | 18,5 | 3,64 |
| | Lengri en 6 klst | 368 | | | 44,6 | 34,0 | 19,6 | 3,71 |

Í viðtölunum kom fram að flestum fannst ferðamenn í Landmannalaugum vera margir. Þrátt fyrir það fannst fæstum þeir þó vera of margir. Margir tóku fram að þeir hefðu vilja sjá færri ferðamenn á svæðinu en þeir sýndu fjöldanum skilning í ljósi þess hve þekkt og vinsælt svæðið væri. Viðmælendur gerðu sér margir hverjir grein fyrir því að þeir væru sjálfir ferðamenn á svæðinu og að erfitt væri að gagnrýna að það væru fleiri sem hefðu áhuga á að koma í Landmannalaugar. Nemi frá Austurríki sagði t.d.:

> Ég vil ekki hafa of marga ferðamenn en samt vil ég ekki banna fólki að koma hingað því að ég vil vera hér. Maður getur ekki sagt „Ég vil ekki hafa neitt fólk hér en *ég* vil vera hér“. Maður getur ekki verið svo sjálfhverfur.

Sumir viðmælendur voru undrandi yfir þeim fjölda ferðamanna sem mætti þeim í Landmannalaugum en sýndu því skilning í ljósi þess að Landmannalaugar er orðin þekktur og vinsæll ferðamannastaður. Karlmaður frá Indlandi sagði:

> Almennt þá er þetta frægur staður. Fólk kemur hingað til að tjalda og vera í skálanum og vera smástund í heitu lauginni. Það eru margar gönguleiðir í boði þannig að ég skil af hverju það er mannmergð hér, þetta er upphafið að gönguleiðinni. Það er hægt að keyra hingað og þá kemur fólk og það fer í göngur. En ég var smá – vá – rosa margt fólk hér.

Hins vegar voru einnig margir sem sögðust hafa búist við þessum fjölda. Pólsk kona sagði: „Við bjuggumst við fjölda fólks og það er einfaldlega staðreynd sem maður verður að sætta sig við. Þú kemur ekki til með að upplifa þetta svæði einn.“ Kona frá Belgíu var sammála og sagði: „Ég held að maður viti það. Maður þarf ekki að vera reiður. Maður veit að þegar maður kemur í Landmannalaugar að þá eru þar ferðamenn.“ Karlmaður frá Hollandi talaði um Landmannalaugar sem „túristalegan stað“ (e. *touristic spot*) og því væri augljóst að þar væru margir ferðamenn.

Nemi frá Austurríki benti á að mesti fjöldinn sé samankominn á þjónustusvæðinu: „Ég persónulega bjóst við meiri mannmergð. Ég meina, á svæðinu hér um kring og við heitu laugina eru margir. En þegar við gengum um svæðið, þá vorum við á köflum eina fólkið á ferðinni.“ Fleiri bentu á í viðtölunum að með því að yfirgefa þjónustusvæðið og fylgja gönguleiðunum væri hægt að forðast mannmergð og upplifa þá kyrrð og ró, sem margir af viðmælendunum voru að sækjast eftir. Pólsk kona var sammála: „Þú kemur á tjaldsvæðið og það virðist sem það sé hellingur af fólki en síðan velur þú einhverja gönguleið og fjöldinn hverfur, þú hittir bara nokkra einstaklinga. Það er enginn mannmergð.“ Karlmaður frá Indlandi tók í sama streng: „Þegar ég byrjaði að ganga þá sá ég varla fólk. Það var ekki fyrr en ég kom hingað [á þjónustusvæðið] sem það var gaman að sjá svona marga vera úti og njóta.“ Hann bætti við að fjöldinn hefði ekki truflað hann:

> Og þegar ég kom tilbaka sá ég að hópurinn hafði komið sér fyrir. Rútan var farin. En þau voru ekki mikið að trufla mig því að þau komu ekki í veg fyrir það sem mig langaði til að gera, því að salernin voru ekki upptekin. Salernin voru fín og hrein og viðhaldið gott. Móttakan var opin og tilbúin til að útskýra gönguleiðirnar fyrir mér. Þegar ég kom inn til þess að elda þá var laust í eldhúsinu. Það var engin röð. Þannig að nei, það truflaði mig ekki að hafa margt fólk. Það var pláss.

Tveir viðmælendur líktu stemningunni á þjónustusvæðinu við útihátíð. Annar þeirra var kona frá Finnlandi sem hafði gengið um Hornstrandir skömmu áður og var að ljúka göngu um Laugaveginn þar sem hún endaði í Landmannalaugum. Á Hornströndum hafði hún verið ein í marga daga og því fannst henni jákvætt að vera núna innan um fleiri ferðamenn. Hún sagði:

> Það er svona smá útihátíðarstemning hér. Það eru svo margir hérna og fullt af tjöldum, fólk er að drekka bjór og skemmta sér, en á jákvæðan hátt. Mér líður ekki eins og ég sé á einhverju náttúrusvæði heldur frekar á ferðamannastað (e. *holiday resort*).

Þótt viðmælendur hafi almennt séð verið mjög skilningsríkir gagnvart fjölda ferðamanna í Landmannalaugum hefðu flestir kosið að hafa færri ferðamenn á svæðinu. Til að mynda þá sagði kona frá Kanada að hún hefði verið rosalega ánægð með dvölina á svæðinu en bætir við: „Ég er að segja þér, bara tíu manns færri og það væri fínt.“ Sumir voru einnig ósammála því að það væru fáir ferðamenn á gönguleiðunum. Kona frá Hollandi sagði t.d.:

> Ég vil geta upplifað náttúruna alein og þess vegna finnst mér eiginlega að þetta svæði sé orðið of fullt. Ef þú ferð gönguleiðirnar þá verður þú að bíða eftir því að fólk gangi framhjá þér og mér finnst það ekki góð tilfinning. Ég vil bara vera alveg ein með sjálfri mér.

Auk þess greindu viðmælendur frá áhyggjum sínum um hvað kæmi til með að gerast ef ferðamönnum fjölgaði enn meira á svæðinu og efuðust um að innviðirnir gætu tekið á móti auknum gestafjölda.

### 5.4.2 Viðhorf til fjölda fólksbifreiða

Svarendum á aldrinum 25 til 34 ára og 65 ára og eldri þótti fjöldi fólksbifreiða á svæðinu síður of mikill en öðrum aldurshópum árið 2019 (12. tafla) Svisslendingar og Austurríkismenn voru líklegastir þjóðerna til að finnast fjöldi fólksbifreiða vera of mikill en Belgum og Hollendingum þótti hann einnig frekar mikill. Íbúum Visegrád-landanna (Póllands, Tékklands, Slóvakíu og Ungverjalands) ásamt Frökkum þótti fjöldinn síður vera mikill. Þeir sem voru á ferð með vinum eða ættingjum fundu síður fyrir of mörgum bifreiðum en þeir sem höfðu aðra ferðafélaga. Þar að auki voru þeir sem gistu á svæðinu líklegri til að finnast fjöldi fólksbifreiða of mikill en þeir sem voru í dagsferð.

12. tafla. Viðhorf til fjölda fólksbifreiða – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum.

| | | N | 1 Of fáar | 2 Heldur fáar | 3 Hæfilegur | 4 Heldur margar | 5 Of margar | Meðaltal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **Alls** | **1214** | **1,4%** | **4,0%** | **53,3%** | **26,0%** | **15,2%** | **3,50** |
| | Kona | 599 | | 3,3 | 55,8 | 24,7 | 15,0 | 3,49 |
| | Karl | 600 | | 4,7 | 50,5 | 27,7 | 15,7 | 3,51 |
| | Yngri en 25 ára | 235 | | 3,4 | 50,2 | 30,2 | 14,5 | 3,52 |
| | 25 til 34 ára | 327 | | 6,1 | 57,8 | 23,5 | 11,6 | 3,39 |
| * | 35 til 44 ára | 193 | | 4,7 | 50,3 | 27,5 | 16,6 | 3,54 |
| | 45 til 54 ára | 198 | | 3,0 | 52,0 | 24,2 | 19,2 | 3,57 |
| | 55 til 64 ára | 142 | | | 49,3 | 26,8 | 21,1 | 3,64 |
| | 65 ára eða eldri | 48 | | 4,2 | 62,5 | 18,8 | 12,5 | 3,35 |
| | Ísland | 80 | | 3,8 | 53,8 | 30,0 | 12,5 | 3,51 |
| | Frakkland | 236 | | 5,1 | 53,8 | 28,4 | 10,2 | 3,39 |
| | Þýskaland | 181 | | | 55,8 | 20,4 | 21,0 | 3,59 |
| | Belgía/Holland | 168 | | | 48,8 | 29,8 | 19,0 | 3,65 |
| * | USA/Canada | 97 | | | 60,8 | 26,8 | 11,3 | 3,48 |
| | Sviss/Austurríki | 90 | | | 41,1 | 37,8 | 20,0 | 3,77 |
| | Ítalía/Spánn | 79 | 5,1 | 6,3 | 51,9 | 21,5 | 15,2 | 3,35 |
| | Visegrád-lönd | 64 | | 15,6 | 54,7 | 15,6 | 12,5 | 3,22 |
| | Norðurlönd | 61 | | | 65,6 | 23,0 | 11,5 | 3,46 |
| | Önnur lönd | 145 | | 6,2 | 52,4 | 24,1 | 14,5 | 3,41 |
| | Hópferðabíll | 575 | | 4,2 | 55,7 | 23,5 | 14,6 | 3,44 |
| | Bílaleigubíll | 327 | | | 54,4 | 27,5 | 14,1 | 3,50 |
| | Eigin bíll | 130 | | | 49,2 | 31,5 | 16,2 | 3,60 |
| | Fótgangandi | 88 | | 9,1 | 43,2 | 28,4 | 19,3 | 3,58 |
| | Annar ferðamáti | 42 | | | 50,0 | 26,2 | 23,8 | 3,74 |
| | Fjölskylda/maki | 578 | | | 54,7 | 27,2 | 14,2 | 3,51 |
| * | Vinir/ættingjar | 275 | | 6,2 | 57,5 | 24,0 | 11,6 | 3,40 |
| | Skipulögð hópferð | 240 | | 3,3 | 45,4 | 27,9 | 20,8 | 3,61 |
| | Einn á ferð | 49 | | | 53,1 | 22,4 | 22,4 | 3,63 |
| * | Dagsgestur | 439 | | 3,4 | 66,1 | 17,8 | 11,6 | 3,35 |
| | Næturgestur | 733 | | 4,4 | 45,4 | 31,0 | 17,6 | 3,59 |
| | Komið áður | 259 | | 3,9 | 50,2 | 28,6 | 17,0 | 3,58 |
| | Ekki komið áður | 948 | | 4,0 | 54,2 | 25,5 | 14,7 | 3,48 |
| | Engin ganga | 47 | | 4,3 | 59,6 | 14,9 | 19,1 | 3,45 |
| | 3 klst. eða styttri | 277 | | | 59,6 | 24,2 | 13,0 | 3,45 |
| | 3,1 til 6 klst. | 365 | | 3,6 | 57,0 | 25,5 | 12,6 | 3,44 |
| | Lengri en 6 klst | 365 | | 6,0 | 45,5 | 29,3 | 17,8 | 3,56 |

### 5.4.3 Viðhorf til fjölda hópferðabifreiða

Árið 2019 voru svarendur á aldrinum 25 til 34 ára ólíklegri en aðrir aldurshópar til að finnast fjöldi hópferðabifreiða á svæðinu vera of mikill (13. tafla). Svarendum frá Visegrád-löndunum (Póllandi, Tékklandi, Slóvakíu og Ungverjaland) þótti fjöldi hópferðabifreiða mun síður vera mikill en öðrum þjóðernum, en Ítölum og Spánverjum, auk þeirra sem komu frá „öðrum löndum", fannst fjöldi hópferðabifreiða einnig hæfilegri en öðrum. Þeir sem komu á svæðið á eigin bíl eða með „öðrum ferðamáta", svo sem hjólandi eða á mótorhjóli, fannst fjöldi hópferðabíla frekar vera of mikill en þeim sem ferðuðust á svæðið með öðrum hætti. Jafnframt þótti þeim sem gistu á svæðinu hópferðabifreiðar frekar vera of margar en þeim sem voru í dagsferð.

13. tafla. Viðhorf til fjölda hópferðabifreiða – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum.

| | | N | 1 Of fáar | 2 Heldur fáar | 3 Hæfilegur | 4 Heldur margar | 5 Of margar | Meðaltal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **Alls** | **1219** | **2,3%** | **6,6%** | **55,7%** | **23,0%** | **12,5%** | **3,37** |
| | Kona | 604 | | 5,5 | 57,1 | 22,2 | 13,2 | 3,39 |
| | Karl | 600 | | 7,5 | 54,2 | 23,8 | 12,0 | 3,35 |
| | Yngri en 25 ára | 236 | | 6,4 | 52,5 | 28,0 | 11,0 | 3,39 |
| | 25 til 34 ára | 327 | 3,4 | 9,5 | 57,2 | 21,4 | 8,6 | 3,22 |
| * | 35 til 44 ára | 193 | | 6,7 | 51,8 | 24,9 | 14,5 | 3,43 |
| | 45 til 54 ára | 202 | | 5,0 | 54,0 | 19,8 | 19,3 | 3,50 |
| | 55 til 64 ára | 141 | | 4,3 | 58,9 | 20,6 | 14,2 | 3,40 |
| | 65 ára eða eldri | 47 | | | 74,5 | 14,9 | 8,5 | 3,30 |
| | Ísland | 80 | | 6,3 | 57,5 | 25,0 | 11,3 | 3,41 |
| | Frakkland | 236 | | 6,4 | 55,9 | 25,8 | 9,3 | 3,33 |
| | Þýskaland | 185 | | 4,9 | 58,4 | 21,1 | 15,7 | 3,48 |
| | Belgía/Holland | 168 | | 4,8 | 54,2 | 28,0 | 13,1 | 3,49 |
| * | USA/Canada | 96 | | 4,2 | 62,5 | 17,7 | 14,6 | 3,41 |
| | Sviss/Austurríki | 91 | | | 51,6 | 29,7 | 15,4 | 3,56 |
| | Ítalía/Spánn | 79 | 3,8 | 10,1 | 55,7 | 22,8 | 7,6 | 3,20 |
| | Visegrád-lönd | 62 | 9,7 | 17,7 | 45,2 | 17,7 | 9,7 | 3,00 |
| | Norðurlönd | 62 | | 3,2 | 58,1 | 17,7 | 21,0 | 3,56 |
| | Önnur lönd | 147 | 6,8 | 10,2 | 55,8 | 16,3 | 10,9 | 3,14 |
| | Hópferðabíll | 585 | | 7,2 | 61,9 | 21,0 | 7,7 | 3,25 |
| | Bílaleigubíll | 324 | 3,1 | 5,2 | 52,8 | 22,2 | 16,7 | 3,44 |
| * | Eigin bíll | 127 | | 4,7 | 44,9 | 28,3 | 20,5 | 3,61 |
| | Fótgangandi | 90 | | 7,8 | 52,2 | 24,4 | 14,4 | 3,43 |
| | Annar ferðamáti | 42 | | | 54,8 | 28,6 | 16,7 | 3,62 |
| | Fjölskylda/maki | 580 | | 5,5 | 56,4 | 22,2 | 14,3 | 3,42 |
| * | Vinir/ættingjar | 273 | | 7,0 | 59,7 | 21,6 | 8,8 | 3,26 |
| | Skipulögð hópferð | 246 | | 5,3 | 53,3 | 25,2 | 14,2 | 3,44 |
| | Einn á ferð | 49 | 4,1 | 10,2 | 59,2 | 24,5 | | 3,10 |
| * | Dagsgestur | 445 | | 5,6 | 67,4 | 16,2 | 9,0 | 3,25 |
| | Næturgestur | 733 | | 7,4 | 48,4 | 26,5 | 15,0 | 3,44 |
| | Komið áður | 259 | 3,1 | 3,9 | 53,7 | 23,2 | 16,2 | 3,46 |
| | Ekki komið áður | 953 | | 7,0 | 56,6 | 22,9 | 11,5 | 3,35 |
| | Engin ganga | 47 | | 4,3 | 66,0 | 19,1 | 10,6 | 3,36 |
| | 3 klst. eða styttri | 282 | | 4,6 | 61,0 | 19,1 | 12,4 | 3,34 |
| | 3,1 til 6 klst. | 363 | 3,3 | 5,8 | 55,1 | 23,7 | 12,1 | 3,36 |
| | Lengri en 6 klst | 366 | | 9,0 | 49,5 | 25,7 | 14,2 | 3,42 |

Nokkrir viðmælendur furðuðu sig á þeim fjölda hópbifreiða sem var í Landmannalaugum. Kona frá Þýskalandi hafði búist við fjölda ferðamanna á svæðinu en fjöldi hópbifreiða kom henni á óvart: „Það eru svo margar rútur. Við vorum hissa að það séu svona margar rútur. Ekki yfir fjölda tjalda. Ekki yfir fólkinu sem gengur um svæðið. En svo margar rútur.“ Karlmaður frá Belgíu greindi frá því að fjöldi ferðamanna sem komu með hópbifreið hefði komið honum á óvart. Honum fannst Landmannalaugar vera „túristalegar“ (e. *touristy*) og nefndi í því

samhengi sérstaklega fjölda dagsferðamanna sem komu með hópbifreiðum: „Ég kannski bjóst ekki við því að það yrðu svona margir hér bara í dagsferðum. Ég hélt að það yrðu fleiri sem fara gönguleiðina í suðurátt.“

Einnig mátti merkja mun á viðhorfi til ferðamanna sem komu í Landmannalaugar með hópbifreið samanborið við þá sem komu á svæðið með öðrum hætti. Þýsk kona sem sjálf kom í hópbifreið og hafði áður verið í Landmannalaugum lýsti áhyggjum sínum af fjölgun ferðamanna sem komu í hópbifreiðum. Hún sagði:

> Auðvitað eiga allir að koma hingað og skoða af því að það er mjög indælt en samt þessar rosa stóru ferðamannarútur, ég er ekki viss ... hvort það eigi að vera þannig. Fólk sem bara kemur, tekur myndir og skilur eftir rusl og fer síðan aftur. Það er mjög mismunandi fólk að koma hingað. Það er fólk sem kemur bara til að upplifa náttúruna og fara í göngur og njóta. Og sumt fólk vill bara taka myndir.

Hún bætti við:

> Fólkið er í rauninni ekki virkilega áhugasamt um svæðið, það er bara einhver sem segir þeim 'Ó, við skulum líta hingað, það gæti verið indælt'. Af því, ég meina, ef þú hefur ekki áhuga á landinu [...] þá er ég ekki viss um að þú eigir að koma.

### 5.4.4 Viðhorf til fjölda göngumanna

Lítill munur var milli hópa hvað varðar viðhorf til fjölda göngumanna árið 2019. Svarendum frá Visegrád-löndunum (Póllandi, Tékklandi, Slóvakíu og Ungverjalandi) þóttu göngumenn síður of margir en svarendum frá öðrum löndum (14. tafla). Þjóðverjum og íbúum Sviss og Austurríkis þóttu aftur á móti frekar vera of mikið af göngumönnum. Þeir sem gengu ekki um svæðið fundu jafnframt síður fyrir því að fjöldi göngumanna á svæðinu væri of mikill en þeir sem gengu um svæðið.

14. tafla. Viðhorf til fjölda göngumanna – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum.

| | N | 1 Of fáir | 2 Heldur fáir | 3 Hæfilegur | 4 Heldur margir | 5 Of margir | Meðaltal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Alls** | **1217** | **1,2%** | **4,2%** | **70,8%** | **17,1%** | **6,7%** | **3,24** |
| Kona | 596 | | 3,9 | 69,8 | 17,4 | 7,9 | 3,27 |
| Karl | 605 | | 4,6 | 71,7 | 16,7 | 5,8 | 3,21 |
| Yngri en 25 ára | 234 | | 6,4 | 70,1 | 15,8 | 5,6 | 3,16 |
| 25 til 34 ára | 327 | | 3,4 | 73,4 | 15,9 | 6,7 | 3,25 |
| 35 til 44 ára | 192 | | 5,2 | 70,3 | 15,6 | 8,3 | 3,26 |
| 45 til 54 ára | 199 | | 4,0 | 67,8 | 19,1 | 9,0 | 3,33 |
| 55 til 64 ára | 144 | | | 68,8 | 20,8 | 6,3 | 3,28 |
| 65 ára eða eldri | 47 | | | 89,4 | 8,5 | | 3,13 |
| Ísland | 80 | | | 80,0 | 15,0 | | 3,18 |
| Frakkland | 237 | | 6,3 | 73,0 | 13,9 | 5,9 | 3,18 |
| Þýskaland | 188 | | 4,3 | 66,0 | 20,2 | 9,6 | 3,35 |
| Belgía/Holland | 170 | | | 69,4 | 18,8 | 8,2 | 3,31 |
| * USA/Canada | 96 | | | 78,1 | 12,5 | 8,3 | 3,28 |
| Sviss/Austurríki | 89 | | | 67,4 | 24,7 | 6,7 | 3,37 |
| Ítalía/Spánn | 76 | 3,9 | 5,3 | 64,5 | 18,4 | 7,9 | 3,21 |
| Visegrád-lönd | 63 | 3,2 | 11,1 | 68,3 | 11,1 | 6,3 | 3,06 |
| Norðurlönd | 60 | | | 76,7 | 18,3 | 3,3 | 3,23 |
| Önnur lönd | 145 | 3,4 | 4,8 | 69,7 | 17,2 | 4,8 | 3,15 |
| Hópferðabíll | 571 | | 4,2 | 69,7 | 18,0 | 7,0 | 3,26 |
| Bílaleigubíll | 332 | | 3,3 | 74,7 | 14,8 | 6,3 | 3,22 |
| Eigin bíll | 128 | | 4,7 | 74,2 | 14,8 | 5,5 | 3,20 |
| Fótgangandi | 88 | | 3,4 | 63,6 | 28,4 | 4,5 | 3,34 |
| Annar ferðamáti | 44 | | 4,5 | 72,7 | 6,8 | 13,6 | 3,23 |
| Fjölskylda/maki | 580 | | | 75,5 | 15,0 | 5,9 | 3,22 |
| Vinir/ættingjar | 277 | | 5,1 | 69,0 | 18,8 | 6,9 | 3,27 |
| Skipulögð hópferð | 237 | | 4,6 | 66,7 | 18,6 | 8,4 | 3,27 |
| Einn á ferð | 50 | 4,0 | 8,0 | 54,0 | 24,0 | 10,0 | 3,28 |
| Dagsgestur | 442 | | | 74,9 | 14,5 | 6,1 | 3,20 |
| Næturgestur | 734 | | 4,9 | 68,4 | 18,5 | 7,5 | 3,27 |
| Komið áður | 265 | | 4,2 | 73,6 | 17,0 | 4,5 | 3,20 |
| Ekki komið áður | 945 | | 4,2 | 69,9 | 17,2 | 7,4 | 3,26 |
| Engin ganga | 42 | | 7,1 | 78,6 | 11,9 | | 3,00 |
| * 3 klst. eða styttri | 279 | | 3,2 | 76,0 | 13,3 | 5,7 | 3,18 |
| 3,1 til 6 klst. | 369 | | 3,3 | 70,5 | 16,8 | 7,9 | 3,26 |
| Lengri en 6 klst | 363 | | 6,1 | 66,7 | 19,8 | 7,2 | 3,28 |

Sumir viðmælendur voru jákvæðari gagnvart gönguferðamönnum en annarra ferðamanna á svæðinu og voru þeir taldir sýna náttúrunni meiri virðingu og ganga betur um svæðið en aðrir. Belgísk kona sem ætlaði að ganga Laugaveginn með fimmtíu manna hópi sagði til að mynda:

> Mér finnst allt í lagi ef það eru margir gönguferðamenn hér, það er minna í lagi ef það eru margir túristar. Fólk sem er ekki komið hingað til þess að sjá náttúruna en það eyðileggur staðinn, finnst mér. En gönguferðamenn, það er fullkomlega í lagi því að þeir eru allir hér náttúrunnar vegna.

Hún bætti við:

> Gönguferðamenn eru virkilega hér til þess að njóta náttúrunnar og túristar vilja bara taka myndir og þeim er alveg sama um ruslið sitt. Þeir bera ekki sömu virðingu fyrir náttúrunni.

### 5.4.5 Viðhorf til fjölda mótorhjóla og fjórhjóla

Flestum þótti fjöldi mótorhjóla og fjórhjóla í Landmannalaugum vera hæfilegur árið 2019. Svarendur á aldrinum 45 til 64 ára voru líklegri en aðrir aldurshópar til að finnast mótorhjól og fjórhjól vera of mörg á svæðinu (15. tafla). Svisslendingar og Austurríkismenn voru helst á því meðal þjóerna að þau væru of mörg en íbúar Visegrád-landanna (Póllands, Tékklands, Slóvakíu og Ungverjalands) síst. Þá þótti þeim sem gistu á svæðinu frekar að mótorhjól og fjórhjól væru of mörg en þeim sem voru í dagsferð.

15. tafla. Viðhorf til fjölda mótorhjóla/fjórhjóla – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum.

| | | N | 1 Of fá | 2 Heldur fá | 3 Hæfilegur | 4 Heldur mörg | 5 Of mörg | Meðaltal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **Alls** | **1146** | **6,9%** | **10,5%** | **61,8%** | **12,6%** | **8,3%** | **3,05** |
| | Kona | 554 | 6,0 | 8,8 | 65,0 | 11,7 | 8,5 | 3,08 |
| | Karl | 578 | 7,8 | 11,9 | 58,5 | 13,5 | 8,3 | 3,03 |
| | Yngri en 25 ára | 233 | 8,6 | 10,7 | 63,9 | 11,2 | 5,6 | 2,94 |
| | 25 til 34 ára | 315 | 6,7 | 13,0 | 61,9 | 11,7 | 6,7 | 2,99 |
| * | 35 til 44 ára | 180 | 7,2 | 12,2 | 57,8 | 12,8 | 10,0 | 3,06 |
| | 45 til 54 ára | 189 | 6,9 | 5,8 | 61,9 | 14,3 | 11,1 | 3,17 |
| | 55 til 64 ára | 129 | 5,4 | 6,2 | 61,2 | 15,5 | 11,6 | 3,22 |
| | 65 ára eða eldri | 38 | | 10,5 | 76,3 | 10,5 | | 3,05 |
| | Ísland | 74 | 9,5 | 9,5 | 70,3 | 10,8 | | 2,82 |
| | Frakkland | 216 | 7,9 | 10,6 | 62,0 | 13,9 | 5,6 | 2,99 |
| | Þýskaland | 174 | | 9,8 | 66,7 | 6,3 | 14,4 | 3,20 |
| | Belgía/Holland | 162 | 3,1 | 4,9 | 64,2 | 16,7 | 11,1 | 3,28 |
| * | USA/Canada | 89 | | 11,2 | 68,5 | 11,2 | 6,7 | 3,09 |
| | Sviss/Austurríki | 85 | | 10,6 | 48,2 | 24,7 | 14,1 | 3,38 |
| | Ítalía/Spánn | 72 | 15,3 | 15,3 | 52,8 | 6,9 | 9,7 | 2,81 |
| | Visegrád-lönd | 62 | 11,3 | 37,1 | 35,5 | 11,3 | 4,8 | 2,61 |
| | Norðurlönd | 61 | 3,3 | | 77,0 | 13,1 | 4,9 | 3,15 |
| | Önnur lönd | 137 | 13,9 | 8,0 | 62,8 | 10,2 | 5,1 | 2,85 |
| | Hópferðabíll | 539 | 8,7 | 10,2 | 62,2 | 10,8 | 8,2 | 2,99 |
| | Bílaleigubíll | 315 | 4,8 | 11,1 | 61,0 | 15,2 | 7,9 | 3,10 |
| | Eigin bíll | 119 | 5,9 | 10,9 | 66,4 | 12,6 | 4,2 | 2,98 |
| | Fótgangandi | 86 | 5,8 | 9,3 | 58,1 | 11,6 | 15,1 | 3,21 |
| | Annar ferðamáti | 41 | | 4,9 | 68,3 | 17,1 | 7,3 | 3,22 |
| | Fjölskylda/maki | 549 | 6,0 | 9,5 | 63,6 | 12,9 | 8,0 | 3,07 |
| | Vinir/ættingjar | 263 | 6,5 | 14,4 | 60,8 | 11,8 | 6,5 | 2,97 |
| | Skipulögð hópferð | 221 | 9,0 | 7,2 | 59,3 | 13,6 | 10,9 | 3,10 |
| | Einn á ferð | 48 | 6,3 | 10,4 | 66,7 | 8,3 | 8,3 | 3,02 |
| * | Dagsgestur | 400 | 7,3 | 11,5 | 68,5 | 7,0 | 5,8 | 2,93 |
| | Næturgestur | 708 | 6,8 | 9,7 | 58,3 | 15,1 | 10,0 | 3,12 |
| | Komið áður | 244 | 6,1 | 8,2 | 63,5 | 13,9 | 8,2 | 3,10 |
| | Ekki komið áður | 894 | 7,0 | 11,0 | 61,5 | 12,1 | 8,4 | 3,04 |
| | Engin ganga | 43 | | 20,9 | 55,8 | 11,6 | 9,3 | 3,05 |
| | 3 klst. eða styttri | 257 | 7,0 | 8,9 | 67,7 | 9,3 | 7,0 | 3,00 |
| | 3,1 til 6 klst. | 345 | 7,0 | 12,8 | 60,6 | 12,8 | 7,0 | 3,00 |
| | Lengri en 6 klst | 350 | 7,4 | 8,6 | 60,3 | 14,3 | 9,4 | 3,10 |

### 5.4.6 Viðhorf til fjölda hestamanna

Almennt fannst svarendum árið 2019 ekki vera margir hestamenn á svæðinu. Yngri svarendum fannst frekar að hestamenn væru of fáir en þeim eldri (16. tafla). Ferðamönnum frá Visegrád-löndunum (Póllandi, Tékklandi, Slóvakíu og Ungverjalandi), Frakklandi og „öðrum löndum“ fannst frekar að hestamenn væru fáir en fólki af öðru þjóðerni. Íslendingum fannst aftur á móti frekar en öðrum þjóðum að þar væru of margir hestamenn. Svarendum sem voru á ferð með fjölskyldum sínum eða maka þótti frekar að hestamenn væru margir en þeim sem höfðu aðra ferðafélaga.

16. tafla. Viðhorf til fjölda hestamanna – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum.

| | | N | 1 Of fáir | 2 Heldur fáir | 3 Hæfilegur | 4 Heldur margir | 5 Of margir | Meðaltal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **Alls** | **1032** | **25,2%** | **18,9%** | **53,5%** | **1,3%** | **1,2%** | **2,34** |
| | Kona | 499 | 25,5 | 21,6 | 50,7 | | | 2,30 |
| | Karl | 520 | 25,2 | 16,3 | 56,0 | | | 2,37 |
| * | Yngri en 25 ára | 220 | 29,1 | 24,5 | 43,2 | | | 2,22 |
| | 25 til 34 ára | 306 | 28,4 | 18,3 | 52,6 | | | 2,26 |
| | 35 til 44 ára | 168 | 25,6 | 13,7 | 58,9 | | | 2,38 |
| | 45 til 54 ára | 157 | 21,0 | 15,3 | 60,5 | | | 2,48 |
| | 55 til 64 ára | 94 | 17,0 | 18,1 | 59,6 | 3,2 | | 2,56 |
| | 65 ára eða eldri | 27 | 14,8 | 11,1 | 70,4 | 3,7 | | 2,63 |
| * | Ísland | 73 | 16,4 | 8,2 | 67,1 | 5,5 | | 2,70 |
| | Frakkland | 199 | 34,7 | 17,6 | 44,2 | | | 2,18 |
| | Þýskaland | 141 | 16,3 | 24,1 | 56,0 | | | 2,50 |
| | Belgía/Holland | 143 | 16,1 | 17,5 | 65,7 | | | 2,52 |
| | USA/Canada | 81 | 9,9 | 25,9 | 60,5 | | | 2,59 |
| | Sviss/Austurríki | 75 | 22,7 | 32,0 | 44,0 | | | 2,25 |
| | Ítalía/Spánn | 65 | 32,3 | 15,4 | 52,3 | | | 2,20 |
| | Visegrád-lönd | 59 | 50,8 | 20,3 | 28,8 | | | 1,78 |
| | Norðurlönd | 58 | 15,5 | 8,6 | 74,1 | | | 2,62 |
| | Önnur lönd | 128 | 35,9 | 17,2 | 46,1 | | | 2,13 |
| | Hópferðabíll | 470 | 24,9 | 19,1 | 54,0 | | | 2,33 |
| | Bílaleigubíll | 289 | 25,3 | 22,5 | 49,1 | | | 2,32 |
| | Eigin bíll | 112 | 25,9 | 11,6 | 58,9 | | | 2,42 |
| | Fótgangandi | 81 | 27,2 | 18,5 | 53,1 | | | 2,30 |
| | Annar ferðamáti | 40 | 22,5 | 7,5 | 67,5 | | | 2,53 |
| * | Fjölskylda/maki | 495 | 22,6 | 17,8 | 56,4 | | | 2,42 |
| | Vinir/ættingjar | 245 | 26,5 | 20,4 | 51,8 | | | 2,28 |
| | Skipulögð hópferð | 188 | 28,2 | 18,1 | 51,1 | | | 2,28 |
| | Einn á ferð | 45 | 31,1 | 17,8 | 51,1 | | | 2,20 |
| | Dagsgestur | 359 | 24,2 | 14,2 | 59,3 | | | 2,40 |
| | Næturgestur | 641 | 26,4 | 20,9 | 50,1 | | | 2,31 |
| | Komið áður | 221 | 26,2 | 16,3 | 53,8 | | | 2,36 |
| | Ekki komið áður | 804 | 25,0 | 19,7 | 53,4 | | | 2,34 |
| | Engin ganga | 37 | 18,9 | 21,6 | 51,4 | 8,1 | | 2,49 |
| | 3 klst. eða styttri | 232 | 25,0 | 18,1 | 53,0 | | | 2,39 |
| | 3,1 til 6 klst. | 302 | 30,1 | 18,9 | 50,0 | | | 2,22 |
| | Lengri en 6 klst | 325 | 23,7 | 17,5 | 56,3 | | | 2,39 |

## 5.5 Rask vegna ferðamanna og umferðar

### 5.5.1 Truflun af völdum ferðamanna

Árið 2019 voru þátttakendur spurðir hvort ferðamenn hefðu truflað upplifun þeirra á svæðinu á einhvern hátt. Um 82% svöruðu neitandi en 18% játandi. Í kjölfarið kom opin spurning varðandi á hvaða hátt þeir hefðu truflað og flestir sem því svöruðu nefndu að ferðamenn væru of margir eða að hávaði vegna ferðamanna valdi truflun (26. mynd). Nokkrir svöruðu á þann veg að ferðamenn beri ekki virðingu fyrir náttúrunni eða valdi álagi á hana. Aðrir nefndu skerta víðernisupplifun, álag á innviði, virðingar- eða tillitsleysi við aðra ferðamenn og atriði tengd vélvæddri umferð.




26. mynd. Truflun af völdum ferðamanna.

### 5.5.2 Skemmdir af völdum ferðamanna

Árið 2019 voru þátttakendur spurðir hvort þeir hefðu orðið varir við nokkrar gerðir skemmda eða ummerkja eftir ferðamenn. Almennt höfðu svarendur lítið orðið varir við slíkt, en helst höfðu þeir tekið eftir rofi úr göngustígum. Um 10% svarenda höfðu tekið eftir miklu eða mjög miklu rofi úr stígum og 24% nokkru en flestir höfðu lítið eða ekkert séð af slíku (27. mynd). Í kringum 6% tóku eftir miklum gróðurskemmdum og sama hlutfall sá mikið af ummerkjum um utanvegaakstur. Nokkru færri urðu varir við rusl á svæðinu og mjög fáir sáu skemmdir á jarðvegsmyndunum eða traðk vegna hestaferða.




27. mynd. Skemmdir af völdum ferðamanna.

Nokkuð var um að viðmælendur kvörtuðu yfir neikvæðri hegðun ferðamanna. Karlmaður frá Austurríki útskýrði að viðvera og mikill fjöldi ferðamanna hefði í sjálfu sér ekki neikvæð áhrif á upplifun hans af svæðinu heldur væri það frekar ef ferðamenn eyðilegðu náttúruna eða trufluðu upplifun hans á annan hátt: „Ef ég sé [aðra ferðamenn] eða heyri í þeim, þá er mér alveg sama. En ef ég sé ruslið eftir þá þá er það slæmt." Kona frá Þýskalandi tók í sama streng: „Mér finnst gaman að sjá fólk hérna því að þetta er virkilega indæll staður sem allir geta notið. En það sem ég kann alls ekki við eru þessar ruslahrúgur og slíkt."

Viðmælendur höfðu einnig áhyggjur af því að ferðamenn gengu utan merktra gönguleiða. Kona frá Þýskalandi sagði:

> Það sem mér finnst hræðilegt er ef fólk fer út af merktum gönguleiðum til þess að taka myndir. Það eyðileggur náttúruna frekar mikið. Það er mjög pirrandi af því að ferðamennirnir skilja þetta ekki. Ef þú gengur á mosa eða graslendi þá getur maður enn þá séð fótsporin 20 árum seinna.

Önnur kona frá Þýskalandi hafði sömu áhyggjur og lýsti því að hún hefði orðið vitni að því þegar ferðamenn gengu utan merktra gönguleiða. Hún taldi það „ekki vera gott fyrir náttúruna" þar sem það myndi „eyðileggja mjög mikið af náttúrunni þegar [fólk] gengur utan merktra gönguleiða". Hún bætti síðan við að hún og maðurinn hennar héldu sig alltaf við merktar gönguleiðir. Almennt voru viðmælendur þó á því máli að traðk af völdum ferðamanna á svæðinu væri enn innan ásættanlegra marka. Karlmaður frá Hollandi sagði til að mynda:

> Mér finnst náttúran að mestu leyti vera óspillt. Það eru nokkur ummerki um að ferðamenn hafi farið eitthvert sem þeir áttu ekki að fara, en almennt, fyrir utan gönguleiðina, fær maður að sjá náttúruna eins og hún er. Mér finnst að það ætti líka að vera þannig.

Viðmælendur voru einnig spurðir um viðhorf þeirra til utanvegaaksturs. Þótt spurningakönnunin hafi leitt í ljós að margir svarendur hefðu tekið eftir utanvegaakstri, voru almennt fáir viðmælendur sem sögðust hafa séð slík ummerki. Kona frá Austurríki sagðist ekki hafa tekið eftir neinum hjólförum þegar hún tók rútuna í Landmannalaugar og bætti við: „Og þess vegna er mér alveg sama um [ummerki um utanvegaakstur]". Flestir sem tóku eftir einhverjum ummerkjum tóku í sama streng og sögðu hjólförin ekki haft neikvæð áhrif á þeirra

upplifun af svæðinu. Þó voru líka einhverjir viðmælendur sem kvörtuðu yfir utanvegaakstri, eins og karlmaður frá Indlandi sem sagði:

> Ég sá nokkuð um [utanvegaakstur] þegar ég var í rútunni á leiðinni hingað sem var einhvern veginn ... af hverju fer einhver þangað og keyrir? Verndum frekar náttúruna.

Karlmaður frá Frakklandi sem nú er búsettur á Íslandi óskaði eftir aukinni fræðslu til ferðamanna. Allir væru þeir komnir til þess að upplifa ósnortna náttúru en hegðun þeirra hefði oft á tíðum neikvæð áhrif á náttúruna. Þá vildi hann gjarnan sjá sektir fyrir skemmdir og truflanir af völdum ferðamanna:

> Mér finnst að það ættu að vera sektir og það ættu að vera skilti áður en maður kemur inn á svæði sem útskýra að það megi ekki henda neinu rusli. Þetta er almenn vitneskja fyrir marga, en því miður ekki fyrir alla.

### 5.5.3 Truflun af völdum flugumferðar

Árið 2019 var spurt hvort drónar, þyrlur eða flugvélar hefðu truflað ferðamennina. Almennt trufluðu þessi fljúgandi tæki svarendur lítið, en drónar þó helst (28. mynd). Um 7% svarenda fannst drónar hafa truflað sig mikið. Flugumferð truflaði næturgesti á meira en dagsgesti.




28. mynd. Truflun af völdum flugumferðar.

## 5.6 Væntingar ferðamanna, ánægja og vonbrigði

Í könnuninni árin 2000 og 2009 var spurt hversu ánægðir svarendur væru með dvöl sína á svæðinu. Í könnuninni 2019 var þessi spurning endurtekin og nokkrum þáttum bætt við. Þeir voru: ánægja með náttúruna, göngustígar, þjónusta, skilti og merkingar, salernisaðstaða, sturtuaðstöðu og gistiaðstaða. Þátttakendur voru ánægðastir með náttúru svæðisins og einnig mjög ánægðir með göngustíga (29. mynd). Ferðamennirnir voru fremur ánægðir með dvölina á svæðinu, skilti og merkingar og þjónustu. Þeir þættir sem minnst ánægja var með voru gistiaðstaða, salernisaðstaða og sturtur.




29. mynd. Ánægja með ýmsa þætti árið 2019.

### 5.6.1 Ánægja með dvölina á svæðinu

Þegar borin eru saman svör um ánægju með dvölina á svæðinu milli ára sést að ánægja var svipuð árin 2000 og 2009. Þau ár sögðust á bilinu 89-90% svarenda vera fremur eða mjög ánægðir með dvöl sína á svæðinu (30. mynd). Árið 2019 hafði hlutfall ánægðra lækkað í 77% og meðaltal þess árs er marktækt lægra en hinna áranna (ANOVA próf: $F = 19{,}905$; $p < 0{,}001$).




30. mynd. Ánægja með dvölina á svæðinu – þróun milli ára.

Talsverður munur var á ánægju með dvölina eftir þjóðerni árið 2019 (17. tafla). Íslendingar voru ánægðastir en Frakkar, Svisslendingar/Austurríkismenn og Norðurlandabúar voru einnig nokkuð ánægðir. Minnsta ánægjan var meðal Belga og Hollendinga. Þeir sem ferðuðust á eigin bíl voru ánægðari en þeir sem komu á svæðið á

annan hátt. Eins og áður segir, voru Íslendingar ánægðasti hópurinn og þeir voru jafnframt stærstur hluti þeirra sem komu á svæðið á eigin bílum. Þeir sem voru á ferð með fjölskyldu eða maka voru ánægðari en þeir sem höfðu aðra ferðafélaga, auk þess sem dagsgestir voru ánægðari með dvölina en næturgestir. Jafnframt voru þeir sem höfðu komið á svæðið áður ánægðari en þeir sem voru í sinni fyrstu heimsókn – stór hluti þess hóps voru einnig Íslendingar.

17. tafla. Ánægja með dvölina á svæðinu – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum.

| | | N | 1 Mjög óánægð(ur) | 2 Fremur óánægð(ur) | 3 Hlutlaus | 4 Fremur ánægð(ur) | 5 Mjög ánægð(ur) | Meðaltal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **Alls** | **1142** | **0,8%** | **3,9%** | **17,9%** | **36,4%** | **41,0%** | **4,13** |
| | Kona | 559 | | 3,9 | 18,2 | 33,8 | 43,5 | 4,16 |
| | Karl | 569 | | 4,0 | 17,9 | 39,2 | 38,0 | 4,09 |
| | Yngri en 25 ára | 227 | | | 21,6 | 39,2 | 36,1 | 4,08 |
| | 25 til 34 ára | 305 | | 3,9 | 19,3 | 36,7 | 39,3 | 4,10 |
| | 35 til 44 ára | 181 | | 3,9 | 19,3 | 32,6 | 42,5 | 4,10 |
| | 45 til 54 ára | 186 | | 6,5 | 10,8 | 34,9 | 47,3 | 4,22 |
| | 55 til 64 ára | 134 | | 5,2 | 17,2 | 32,8 | 43,3 | 4,11 |
| | 65 ára eða eldri | 43 | | | 9,3 | 48,8 | 41,9 | 4,33 |
| | Ísland | 80 | | | 11,3 | 18,8 | 68,8 | 4,55 |
| | Frakkland | 217 | | | 14,3 | 34,6 | 50,2 | 4,34 |
| | Þýskaland | 173 | | | 9,8 | 49,1 | 38,7 | 4,23 |
| | Belgía/Holland | 163 | | 11,7 | 31,3 | 33,7 | 23,3 | 3,69 |
| * | USA/Canada | 82 | | 4,9 | 23,2 | 35,4 | 35,4 | 3,99 |
| | Sviss/Austurríki | 90 | | | 12,2 | 37,8 | 47,8 | 4,30 |
| | Ítalía/Spánn | 71 | | | 23,9 | 29,6 | 40,8 | 4,03 |
| | Visegrád-lönd | 53 | | | 20,8 | 37,7 | 39,6 | 4,13 |
| | Norðurlönd | 58 | | 5,2 | 10,3 | 36,2 | 48,3 | 4,28 |
| | Önnur lönd | 138 | | 8,0 | 21,7 | 37,0 | 32,6 | 3,93 |
| | Hópferðabíll | 538 | | 3,5 | 18,6 | 38,7 | 38,7 | 4,11 |
| | Bílaleigubíll | 316 | | 5,1 | 17,4 | 33,9 | 42,4 | 4,11 |
| * | Eigin bíll | 121 | | | 11,6 | 37,2 | 50,4 | 4,37 |
| | Fótgangandi | 82 | | 6,1 | 15,9 | 43,9 | 34,1 | 4,06 |
| | Annar ferðamáti | 41 | | | 24,4 | 34,1 | 39,0 | 4,10 |
| | Fjölskylda/maki | 546 | | 3,3 | 15,6 | 35,7 | 45,2 | 4,23 |
| * | Vinir/ættingjar | 261 | | 3,4 | 18,0 | 39,5 | 37,9 | 4,10 |
| | Skipulögð hópferð | 223 | | 5,4 | 19,3 | 39,9 | 34,5 | 4,02 |
| | Einn á ferð | 49 | | | 24,5 | 22,4 | 49,0 | 4,14 |
| * | Dagsgestur | 387 | | 3,1 | 17,6 | 25,1 | 53,7 | 4,28 |
| | Næturgestur | 716 | | 4,5 | 18,0 | 42,3 | 34,2 | 4,04 |
| * | Komið áður | 250 | | | 13,2 | 38,8 | 45,6 | 4,27 |
| | Ekki komið áður | 884 | | 4,4 | 19,2 | 35,7 | 39,7 | 4,09 |
| | Engin ganga | 42 | | | 19,0 | 42,9 | 35,7 | 4,12 |
| | 3 klst. eða styttri | 254 | | 3,9 | 16,5 | 36,6 | 42,1 | 4,15 |
| | 3,1 til 6 klst. | 327 | | | 19,9 | 33,0 | 44,0 | 4,17 |
| | Lengri en 6 klst | 354 | | 3,7 | 16,9 | 38,1 | 40,1 | 4,12 |

### 5.6.2 Sérstök ánægja

Þátttakendur árið 2019 voru beðnir að tilgreina allt að tvo þætti sem hefðu valdið þeim sérstakri ánægju í ferð þeirra í Landmannalaugum. Spurningin var opin og svörin flokkuð eftir á. Um 39% nefndu að landslag, útsýni eða allt svæðið hefði valdið sérstakri ánægju og var oftast talað um fegurð landslagsins. Um þriðjungur sagði að náttúran eða stök náttúrufyrirbæri hefðu valdið ánægju (31. mynd). Nokkuð var um að innviðir, þjónusta og skipulag væru nefnd og hrósuðu svarendur sérstaklega versluninni í gömlu rútunum, tjaldsvæðinu, skipulagi göngustíganna og hreinlæti á svæðinu, auk þess sem svarendur voru ánægðir með að gætt að því að halda svæðinu sem náttúrulegustu. Nokkuð margir voru einnig ánægðir með jarðhitann og þá sérstaklega með að geta baðað sig í heitu náttúrulauginni við þjónustukjarnann. Önnur atriði sem voru nefnd voru gönguleiðir, kyrrð og fámenni, vingjarnlegt fólk eða starfsmenn, litir í landslaginu og náttúrunni, óspillt náttúra og víðerni, veður, vegir og aðgengi, dýr og plöntur og jarðfræði.




31. mynd. Þættir sem ollu sérstakri ánægju.

Í viðtölunum mátti merkja að viðmælendur voru almennt séð mjög ánægðir með dvölina í Landmannalaugum. Aðspurður um hvort að svæðið hefði uppfyllt væntingar hans svaraði karlmaður frá Frakklandi sem er nú búsettur á Íslandi:

> Ó já! Það var betra en við bjuggumst við, því að stundum er maður að horfa á myndir inn á Google og öllu hefur verið breytt í Photoshop eða einhverju og það er aldrei það sem maður heldur að það komi til með að vera, en hér er það akkúrat eins og það leit út. Það var meira að segja enn þá fallegra en á myndunum. Svo já, það er eins og við bjuggumst við og meira að segja meira en það.

Tveir karlmenn frá Belgíu og Noregi sem voru að ferðast saman voru sammála um að dvölin hafa farið fram úr væntingum þeirra. Annar þeirra útskýrði:

> Ég sá nokkrar myndir og hugsaði að þetta væri kúl. Förum og prófum þetta, en þegar maður er raunverulega kominn þangað þá er það bara vá! Þetta er meira en ég átti von á. Mjög ánægður með þetta.

Viðmælendur voru sérstaklega ánægðir með náttúruna, landslagið og útsýnið. Til að mynda þá sagði karlmaður frá Indlandi:

> Í dag fór ég í stutta gönguferð hér. Ég gekk á fjallið hér og útsýnið var stórkostlegt. Hinum megin er hægt að finna brennisteinslykt. Og útsýnið var stórkostlegt út af öllum þessum eldfjallaáhrifum og heitu hverirnir og litirnir í fjöllunum eru stórkostlegir. Ein hlíðin er svona græn og svo ert þú líka með gula og appelsínugula og rauða. Áhugavert landslag að sjá ofan frá.

Kona frá Póllandi sem var búin að ferðast um Ísland í þrjár vikur sagði að dvölin í Landmannalaugum hefði verið ánægjuleg:

> Við komum hingað og við vorum heltekin af útsýninu. Þetta er ekki eitthvað sem við höfum séð áður. [...] Maður byrjar á hrauninu, eða segjum hraungrjótinu, og svo fer maður áfram og með hverju skrefi fær maður annað stórbrotið útsýni. Ég myndi segja að þetta sé búið að vera alveg frábært.

Karlmaður frá Frakklandi sem var að ljúka við að ganga Laugaveginn var sammála um að náttúran væri mjög fjölbreytt:

> Þetta er mjög áhrifamikið og á einhverjum tímapunkti er maður bara að skipta um landslag, frá einu yfir í annað. Eftir það er maður bara með algjörlega öðruvísi landslag, það er bara sturlað. Það er þess virði að vera með öll kílóin á bakinu. Ég stoppaði allan tímann til þess að taka myndir og svona.

Auk náttúrunnar hrósuðu nokkrir viðmælendur einnig innviðunum, þjónustunni og skipulaginu í Landmannalaugum. Karlmaður frá Indlandi sagðist vera mjög ánægður með þjónustustigið:

> Ég er mjög ánægður með móttökuna og þekkinguna og hjálpsemina. Að fá að vita hvað gönguleiðirnar bjóða upp á og hvaða leið maður vill taka og að það sé sagt hvaða leið sé betri. Og aðstaðan í eldhúsinu er mjög viðeigandi og fólk heldur henni í góðu ástandi og hreinni. Sama með salernin líka. Það er vel haldið utan um þau. [...] Starfsfólkið stendur sig frábærlega. Það stendur sig vel í því að viðhalda hlutunum hérna og halda þeim hreinum.

Karlmaður frá Bandaríkjunum lýsti einnig ánægju sinni með þjónustuna í Landmannalaugum: „Hér er bara það sem er nauðsynlegt. Landvörðurinn var mjög hjálpsamur, hann svaraði öllum spurningum mínum. [...] Aðstaðan er mjög hrein. Það er afslappað andrúmsloft, skilur þú? Þannig að já, ég gef því fullt hús stiga“. Kona frá Slóvakíu var sérstaklega ánægð með verslunina því „þá getur maður fengið allt það nauðsynlega ef maður gleymdi einhverju“.

Þeir viðmælendur sem voru í Landmannalaugum í góðu veðri lýstu einnig ánægju sinni yfir veðrinu. Flestir höfðu búið sig undir slæmt veður og því gladdi það viðmælendur enn frekar þegar sólin lét sjá sig. Karlmaður frá Indlandi lýsti upplifun sinni af gönguferð með eftirfarandi hætti:

> Allt í allt þá leið mér rosalega vel, þetta var stórkostlegt. Útsýnið var frábært, veðrið var gott og sólríkt. [...] Ég reyni að halda væntingunum í skefjum, það hefði getað rignt. Veðrið var frábært. Það er búið að vera frábært.

Karlmaður frá Frakklandi vissi af öðrum Frökkum sem höfðu dvalið í Landmannalaugum í vondu veðri og sagði: „Það eru ekki allir jafn heppnir með veðrið og við.“ Þótt vont veður hefði almennt valdið viðmælendum vonbrigðum, var ein kona frá Frakklandi sem sá einnig kosti við slæmt veður. Hún sagði:

Í gær var veðrið skelfilegt þannig að við vorum alveg ein. Það var ógnvekjandi en frábært því þegar við komum, áður en við komum að stóru brekkunni, þá vorum við eina fólkið í heiminum. Maður gat tekið mynd án þess að hafa milljón manns á myndinni.

### 5.6.3 Sérstök vonbrigði

Svarendur árið 2019 voru einnig beðnir um að tilgreina allt að tvennt sem olli þeim sérstökum vonbrigðum á svæðinu. Spurningin var opin og svörin flokkuð eftir á. Um 30% nefndu að gæði þjónustu og innviða hefði valdið þeim vonbrigðum (32. mynd). Þar var sérstaklega talað um að hreinlæti á salernum og í sturtuaðstöðunni væri ábótavant, að vatnið í sturtunum væri kalt og að þröngt væri bæði í eldhúsinu og í svefnaðstöðunni. Aðrir nefndu að starfsfólk mætti sýna meiri þjónustulund og því að tjaldsvæðið væri grýtt og þar með óþægilegt að gista í tjaldi. Um 23% nefndu skort á þjónustu, innviðum eða upplýsingum og var þá helst óskað eftir fjölbreyttari veitingaþjónustu, aðgangi að rafmagni og aðstöðu til að þurrka blautan fatnað þegar veðrið var vont. Álíka margir nefndu að á svæðinu væru of margir ferðamenn. Verðlagning og veður voru einnig gjarnan nefnd, en önnur atriði sem ollu vonbrigðum voru umgengni ferðamanna, vélvædd umferð, hávaði, aðgengi og vegir, of miklir innviðir og gönguleiðirnar á svæðinu.




32. mynd. Þættir sem ollu sérstökum vonbrigðum árið 2019.

Í viðtölunum kom fram að það var fyrst og fremst veðrið sem olli vonbrigðum meðal viðmælenda. Margir voru almennt séð mjög ánægðir með dvölina en sögðu veðrið hafa skert upplifunina. Kona frá Hollandi sagði til að mynda: „Mér finnst umhverfið vera rosalega huggulegt, mér finnst virkilega fallegt hérna. Mér finnst gott að tjalda hér, hingað til hefur þetta verið gott. Fyrir utan veðrið." Ferðafélagi hennar bætti við: „Náttúran og umhverfið eru aðdráttarafl staðarins. Veðrið hefur mjög mikil áhrif á upplifunina. Þegar veðrið er gott getur maður notið þess allan daginn en ef það er rigning þá er það búið eftir einn til tvo tíma." Hann lýsti því að þau fóru í göngu upp að Brennisteinsöldu, en „það var virkilega skýjað og við sáum ekki neitt". Þau flýttu sér því

niður aftur og gátu ekki notið umhverfisins eins og þau höfðu vonast til. Hann sagði hins vegar: „Ef veðrið er betra þá er þetta virkilega einstakur staður til þess að fara í gönguferðir." Aðrir viðmælendur höfðu svipaða sögðu að segja. Annar karlmaður frá Hollandi sagði t.d.: „Það er mjög fallegt en það rigndi svo hryllilega að við gátum ekki beint notið umhverfisins, kalt, kalt, kalt."

Slæmt veður hafi einnig áhrif á það hvernig viðmælendur skynjuðu innviðina. Viðmælendur lýstu því að álag á þjónustusvæðið og innviðina væri meira í vondu veðri því þá leitaði fólk skjóls. Kona frá Þýskalandi lýsti því að það væri „mannmergð í sturtuhúsinu" þegar það rigndi, ekki vegna þess að fólk væri þá að fara í sturtu heldur væri það að leita þar skjóls. Karlmaður frá Hollandi sem var í Landmannalaugum í rigningu sagði: „Það er svo margt fólk hér að maður getur í rauninni ekki þurrkað fötin sín og maður getur ekki leitað skjóls þegar það er stormasamt." Ferðafélagi hans var sammála honum og sagðist óska eftir „smá meira skýli þegar það er rigning". Það voru einnig margir aðrir viðmælendur sem lentu í vandræðum með að þurrka fötin og skóna sína eftir að hafa lent í úrkomu og óskuðu eftir betri þurrkaðstöðu. Kona frá Kanada sagði:

> Til að vera alveg hreinskilin þá vorum við ekki með nóg pláss til þess að leggja fötin frá okkur því að það rigndi mikið í dag og við vorum alveg gegnumblaut. Mér finnst að það væri betra að hafa betri aðstöðu til þess.

Hún benti einnig á að álagið í eldhúsinu hafi verið mikið þegar það var leiðinlegt veður „þar sem það voru hópar sem komu og við höfðum engan stað til þess að fara með diskana okkar".

Einn viðmælandi frá Belgíu lýsti einnig yfir óánægju sinni vegna verðlags í Landmannalaugum. Hún var á ferðalagi með tveimur dætrum sínum og gisti í skálanum en henni þótti þjónustan heldur dýr miðað við þau þægindi sem fengust. Aðspurð um hvort að dvölin hefði verið í samræmi við væntingar hennar, svaraði hún:

> Já, fyrir utan það að maður borgar 9.000 krónur á mann fyrir hverja nótt. Ég bjóst ekki við því að við myndum þurfa að deila salernum hérna. Það er í lagi, en þá þarf líka að gera þetta meira þægilegt.

Sumir viðmælendur óskuðu eftir aukinni þjónustu. Kona frá Hollandi sem ferðaðist um Ísland á hjóli og tjaldaði í Landmannalaugum sagði t.d.: „Það væri gott fyrir okkur að hafa stærri búð, en ég held að flestum sé sama um það. Kannski væri gott að hafa fleiri staði til að sitja á eða eldhúsaðstöðu." Aðrir viðmælendur höfðu hins vegar vonast eftir því að þjónustustigið í Landmannalaugum væri lægra. Karlmaður frá Argentínu hefði til að mynda viljað sleppa því að hafa tjaldsvæði með tilheyrandi þjónustu á svæðinu og bætti við: „Mér finnst of mikið að hafa upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn, það er of mikið að hafa skrifstofu með fólki. Ég myndi bara hafa eldstæði. Klósett, með góðu viðhaldi, gætu verið þurrsalerni. Og það er allt og sumt." Tjaldsvæði væru „þægindaatriði", en þeim fylgdi alltaf önnur uppbygging sem væri ekki endilega æskileg. Hann varð fyrir vonbrigðum með að geta ekki tjaldað hvar sem er í Landmannalaugum:

> Mig langaði að geta tjaldað í óbyggðum en síðan sá ég að það er ekki hægt og það er í lagi. Ef það er mannmergð á staðnum, svona túristalega séð, þá fer fólk að eyðileggja plönturnar og ég skil að það sé bannað. Þannig að það er í lagi. En vanalega þá finnst mér gaman að tjalda í óbyggðum, bara að fara eitthvert og sofa, og taka alla þá ábyrgð sem við höfum sem tjaldmenn. Þú veist, reglan um að skilja ekkert eftir sig. [...] Þegar ég fyrst sá að það var ekki hægt að tjalda í óbyggðum þá var ég alveg „Ó svekkjandi ... mig langaði að gera það", en ég skil það. Það er í lagi.

Aðrir viðmælendur voru einnig svekktir en sýndu þjónustuframboðinu skilning í ljósi fjölda ferðamanna sem nýttu svæðið. Kona frá Finnlandi sagði til að mynda:

> Það er ljúft að tjalda hvar sem er. Mér finnst gaman að tjalda einhvers staðar í óbyggðum. En auðvitað skil ég að á svona svæði þar sem eru svona margir gestir þá verður að vera skilgreint tjaldsvæði. Annars væri algjört kaos, held ég.

Kona frá Póllandi sagði einnig: „Við gerum okkur grein fyrir því að tjaldsvæðið verður að vera hér og fyrst það er til staðar, þá er gott að hafa aðstöðu."

Annað sem olli viðmælendum óánægju í tengslum við innviði var hreinlæti, og var þá oftast nefnt að hreinlæti á salernunum og í sturtunum væri ábótavant. Kona frá Finnlandi sagði til að mynda: „Mér finnst kannski smá skítugt hérna, þ.e. klósettin, og maður getur kennt fólkinu um sem notar þau. Þannig að fólk er ekki að halda hlutunum eins hreinum og það gæti." Viðmælendur kvörtuðu einnig yfir því að þeir hefðu orðið varir við rusl sem aðrir ferðamenn skildu eftir sig, sem og aðra slæma umgengni af hálfu ferðamanna (sjá nánar kafla 5.5).

### 5.6.4 Ánægja með náttúru svæðisins

Flestir voru mjög ánægðir með náttúru svæðisins árið 2019 og lítill munur var á milli hópa (18. tafla). Þeir sem komu fótgangandi á svæðið voru þó síður ánægðir en þeir sem nýttu annan ferðamáta. Dagsgestir voru jafnframt ánægðari með náttúruna en þeir sem gistu á svæðinu.

18. tafla. Ánægja með náttúruna – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum.

| | | N | 1 Mjög óánægð(ur) | 2 Fremur óánægð(ur) | 3 Hlutlaus | 4 Fremur ánægð(ur) | 5 Mjög ánægð(ur) | Meðaltal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **Alls** | **1224** | **1,1%** | **1,5%** | **2,4%** | **15,1%** | **79,9%** | **4,71** |
| | Kona | 605 | | | | 12,6 | 82,8 | 4,74 |
| | Karl | 603 | | | | 17,1 | 77,6 | 4,69 |
| | Yngri en 25 ára | 233 | | | | 18,5 | 76,4 | 4,68 |
| | 25 til 34 ára | 326 | | | | 15,6 | 81,0 | 4,76 |
| | 35 til 44 ára | 196 | | | 4,1 | 13,8 | 79,1 | 4,68 |
| | 45 til 54 ára | 196 | | | | 13,8 | 80,1 | 4,67 |
| | 55 til 64 ára | 144 | | 3,5 | | 12,5 | 82,6 | 4,73 |
| | 65 ára eða eldri | 52 | | | | 15,4 | 82,7 | 4,77 |
| | Ísland | 81 | | | | 9,9 | 86,4 | 4,78 |
| | Frakkland | 240 | | | | 13,3 | 82,5 | 4,75 |
| | Þýskaland | 191 | | | | 12,6 | 84,8 | 4,79 |
| | Belgía/Holland | 167 | | 3,6 | | 22,8 | 71,9 | 4,62 |
| | USA/Canada | 90 | | | 3,3 | 18,9 | 75,6 | 4,67 |
| | Sviss/Austurríki | 95 | | | | 13,7 | 83,2 | 4,78 |
| | Ítalía/Spánn | 76 | | | | 13,2 | 80,3 | 4,67 |
| | Visegrád-lönd | 61 | | | | 11,5 | 86,9 | 4,84 |
| | Norðurlönd | 61 | | 3,3 | 9,8 | 11,5 | 73,8 | 4,52 |
| | Önnur lönd | 148 | | 3,4 | | 16,9 | 77,7 | 4,69 |
| | Hópferðabíll | 578 | | | | 14,9 | 81,3 | 4,75 |
| | Bílaleigubíll | 338 | | | | 13,3 | 81,1 | 4,71 |
| * | Eigin bíll | 131 | | | | 15,3 | 82,4 | 4,79 |
| | Fótgangandi | 85 | | 4,7 | 4,7 | 21,2 | 68,2 | 4,51 |
| | Annar ferðamáti | 44 | | | | 15,9 | 79,5 | 4,73 |
| | Fjölskylda/maki | 585 | | | | 14,5 | 81,2 | 4,74 |
| | Vinir/ættingjar | 279 | | | | 15,4 | 80,3 | 4,73 |
| | Skipulögð hópferð | 245 | | | | 14,3 | 81,2 | 4,74 |
| | Einn á ferð | 48 | 6,3 | | | 16,7 | 72,9 | 4,48 |
| * | Dagsgestur | 438 | | | | 11,0 | 85,4 | 4,79 |
| | Næturgestur | 744 | | | | 17,2 | 77,4 | 4,68 |
| | Komið áður | 264 | | | | 17,0 | 78,8 | 4,72 |
| | Ekki komið áður | 953 | | | | 14,5 | 80,3 | 4,71 |
| | Engin ganga | 44 | | | 4,5 | 20,5 | 75,0 | 4,70 |
| | 3 klst. eða styttri | 280 | | | | 15,4 | 81,4 | 4,76 |
| | 3,1 til 6 klst. | 364 | | | | 13,2 | 82,7 | 4,75 |
| | Lengri en 6 klst | 368 | | | | 14,9 | 80,2 | 4,71 |

### 5.6.5 Ánægja með göngustíga

Árið 2019 voru tæp 90% ánægð með göngustíga á svæðinu (19. tafla). Konur voru ánægðari með þá en karlar. Svarendur frá Visegrád-löndunum (Póllandi, Tékklandi, Slóvakíu og Ungverjalandi), auk Frakka, voru ánægðastir með göngustígana en einnig voru Norðurlandabúar, Bandaríkja- og Kanadamenn, auk Íslendinga, mjög ánægðir með stígana. Þeir sem síst voru ánægðir með göngustíga voru Belgar/Hollendingar og Spánverjar/Ítalir. Þeir sem höfðu komið áður á svæðið voru ánægðari með göngustígana en þeir sem voru í sinni fyrstu heimsókn. Margir þeirra sem ekki gengu um svæðið sögðust hlutlausir, en þeir voru samt sem áður líklegri til að vera óánægðari með göngustígana en þeir sem gengu um svæðið.

19. tafla. Ánægja með göngustíga – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum.

| | | N | 1 Mjög óánægð(ur) | 2 Fremur óánægð(ur) | 3 Hlutlaus | 4 Fremur ánægð(ur) | 5 Mjög ánægð(ur) | Meðaltal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **Alls** | **1182** | **0,8%** | **1,9%** | **8,5%** | **30,2%** | **58,5%** | **4,44** |
| * | Kona | 578 | | | 8,0 | 27,3 | 62,3 | 4,49 |
| | Karl | 590 | | | 9,3 | 32,9 | 54,9 | 4,39 |
| | Yngri en 25 ára | 229 | | | 10,0 | 35,8 | 51,1 | 4,34 |
| | 25 til 34 ára | 314 | | | 8,3 | 27,4 | 63,1 | 4,52 |
| | 35 til 44 ára | 189 | | | 10,1 | 32,8 | 55,0 | 4,39 |
| | 45 til 54 ára | 194 | | 3,1 | 7,7 | 27,3 | 60,8 | 4,44 |
| | 55 til 64 ára | 136 | | 4,4 | 5,9 | 27,2 | 61,8 | 4,45 |
| | 65 ára eða eldri | 45 | | | 8,9 | 46,7 | 44,4 | 4,36 |
| * | Ísland | 78 | | | 6,4 | 23,1 | 66,7 | 4,51 |
| | Frakkland | 234 | | | 3,4 | 25,2 | 70,1 | 4,63 |
| | Þýskaland | 182 | | | 8,2 | 38,5 | 51,1 | 4,38 |
| | Belgía/Holland | 164 | | | 14,6 | 39,0 | 43,3 | 4,22 |
| | USA/Canada | 87 | | | 12,6 | 23,0 | 64,4 | 4,52 |
| | Sviss/Austurríki | 91 | | 3,3 | 6,6 | 35,2 | 53,8 | 4,37 |
| | Ítalía/Spánn | 75 | 4,0 | 4,0 | 9,3 | 28,0 | 54,7 | 4,25 |
| | Visegrád-lönd | 60 | | | 6,7 | 21,7 | 71,7 | 4,65 |
| | Norðurlönd | 59 | | 3,4 | 6,8 | 22,0 | 67,8 | 4,54 |
| | Önnur lönd | 139 | | | 10,1 | 30,9 | 55,4 | 4,37 |
| | Hópferðabíll | 567 | | | 7,8 | 33,2 | 56,8 | 4,43 |
| | Bílaleigubíll | 326 | | | 7,1 | 24,5 | 64,7 | 4,49 |
| | Eigin bíll | 122 | | | 6,6 | 35,2 | 57,4 | 4,49 |
| | Fótgangandi | 84 | | | 17,9 | 26,2 | 53,6 | 4,31 |
| | Annar ferðamáti | 38 | | | 15,8 | 26,3 | 52,6 | 4,24 |
| | Fjölskylda/maki | 559 | | | 8,6 | 28,6 | 60,6 | 4,47 |
| | Vinir/ættingjar | 271 | | 3,3 | 8,9 | 30,3 | 56,5 | 4,38 |
| | Skipulögð hópferð | 240 | | | 7,1 | 34,2 | 56,7 | 4,45 |
| | Einn á ferð | 48 | | | 8,3 | 20,8 | 68,8 | 4,56 |
| | Dagsgestur | 423 | | | 7,3 | 29,6 | 59,6 | 4,44 |
| | Næturgestur | 718 | | | 9,2 | 29,8 | 58,8 | 4,44 |
| * | Komið áður | 260 | | | 6,2 | 25,4 | 66,9 | 4,57 |
| | Ekki komið áður | 915 | | | 9,2 | 31,5 | 56,3 | 4,40 |
| * | Engin ganga | 39 | | 5,1 | 15,4 | 35,9 | 41,0 | 4,08 |
| | 3 klst. eða styttri | 269 | | | 8,6 | 31,2 | 58,0 | 4,44 |
| | 3,1 til 6 klst. | 359 | | | 6,1 | 30,9 | 59,6 | 4,46 |
| | Lengri en 6 klst | 359 | | | 7,5 | 28,1 | 63,0 | 4,52 |

### 5.6.6 Ánægja með skilti og merkingar

Svarendur árið 2019 voru almennt ánægðir með skilti og merkingar á svæðinu en um 77% voru fremur eða mjög ánægð. Íslendingar, Norðurlandabúar, íbúar Visegrád-landanna (Póllands, Tékklands, Slóvakíu og Ungverjalands), Frakkar og Bandaríkja- og Kanadamenn voru ánægðastir með skilti og merkingar (20. tafla). Þeir sem höfðu áður komið á svæðið voru einnig ánægðari með þau en þeir sem voru í sinni fyrstu ferð í Landmannalaugar.

20. tafla. Ánægja með skilti og merkingar – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum.

| | | N | 1 Mjög óánægð(ur) | 2 Fremur óánægð(ur) | 3 Hlutlaus | 4 Fremur ánægð(ur) | 5 Mjög ánægð(ur) | Meðaltal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **Alls** | **1166** | **1,4%** | **4,9%** | **17,2%** | **35,8%** | **40,7%** | **4,10** |
| | Kona | 570 | | 4,6 | 16,5 | 33,3 | 44,4 | 4,15 |
| | Karl | 585 | | 5,3 | 17,8 | 37,9 | 37,4 | 4,04 |
| | Yngri en 25 ára | 226 | 3,5 | 3,5 | 20,4 | 34,5 | 38,1 | 4,00 |
| | 25 til 34 ára | 317 | | 5,4 | 17,4 | 36,9 | 39,7 | 4,10 |
| | 35 til 44 ára | 185 | | 4,9 | 16,2 | 37,3 | 41,6 | 4,16 |
| | 45 til 54 ára | 190 | | 5,3 | 13,2 | 34,2 | 46,3 | 4,19 |
| | 55 til 64 ára | 134 | | 7,5 | 17,2 | 36,6 | 37,3 | 4,01 |
| | 65 ára eða eldri | 43 | | | 18,6 | 37,2 | 39,5 | 4,09 |
| | Ísland | 79 | | 3,8 | 11,4 | 29,1 | 54,4 | 4,32 |
| | Frakkland | 232 | | 6,5 | 10,8 | 33,2 | 48,3 | 4,21 |
| | Þýskaland | 173 | | 4,6 | 17,3 | 38,7 | 38,2 | 4,08 |
| | Belgía/Holland | 158 | | | 24,7 | 46,2 | 25,9 | 3,94 |
| * | USA/Canada | 90 | | 4,4 | 16,7 | 33,3 | 45,6 | 4,20 |
| | Sviss/Austurríki | 88 | | 5,7 | 13,6 | 44,3 | 34,1 | 4,02 |
| | Ítalía/Spánn | 72 | | | 30,6 | 26,4 | 37,5 | 3,93 |
| | Visegrád-lönd | 61 | | 6,6 | 13,1 | 29,5 | 50,8 | 4,25 |
| | Norðurlönd | 58 | | 5,2 | 13,8 | 27,6 | 53,4 | 4,29 |
| | Önnur lönd | 142 | 3,5 | 5,6 | 19,0 | 35,9 | 35,9 | 3,95 |
| | Hópferðabíll | 549 | | 4,0 | 14,4 | 39,0 | 41,7 | 4,17 |
| | Bílaleigubíll | 324 | | 4,9 | 20,7 | 32,4 | 39,8 | 4,03 |
| | Eigin bíll | 124 | | 6,5 | 17,7 | 37,9 | 37,1 | 4,04 |
| | Fótgangandi | 82 | | 6,1 | 20,7 | 30,5 | 41,5 | 4,05 |
| | Annar ferðamáti | 40 | | 7,5 | 17,5 | 45,0 | 30,0 | 3,98 |
| | Fjölskylda/maki | 551 | | 5,1 | 18,9 | 34,1 | 40,7 | 4,08 |
| | Vinir/ættingjar | 271 | | 5,5 | 15,1 | 33,6 | 43,9 | 4,12 |
| | Skipulögð hópferð | 230 | | 3,0 | 14,8 | 46,1 | 35,2 | 4,12 |
| | Einn á ferð | 49 | | 6,1 | 16,3 | 26,5 | 51,0 | 4,22 |
| | Dagsgestur | 413 | | 5,6 | 14,5 | 32,0 | 46,0 | 4,15 |
| | Næturgestur | 711 | | 4,5 | 18,3 | 38,0 | 38,1 | 4,07 |
| * | Komið áður | 253 | | 3,6 | 11,1 | 36,4 | 49,0 | 4,31 |
| | Ekki komið áður | 906 | | 5,3 | 18,8 | 35,8 | 38,4 | 4,04 |
| | Engin ganga | 39 | | 5,1 | 23,1 | 38,5 | 30,8 | 3,90 |
| | 3 klst. eða styttri | 266 | | 4,9 | 18,4 | 33,5 | 41,7 | 4,09 |
| | 3,1 til 6 klst. | 349 | | 5,2 | 16,6 | 37,2 | 39,0 | 4,06 |
| | Lengri en 6 klst | 357 | | 4,5 | 14,8 | 36,1 | 43,4 | 4,16 |

### 5.6.7 Ánægja með þjónustu

Árið 2019 voru um 64% gesta fremur eða mjög ánægðir með þá þjónustu sem stendur til boða í Landmannalaugum (21. tafla). Konur voru ánægðari en karlar. Jafnframt var elsti hópur svarenda, þ.e. 65 ára og eldri, síður ánægður með þjónustuna en aðrir aldurshópar. Íslendingar voru mun ánægðari en Spánverjar/Ítalir, og Belgar/Hollendingar voru síst ánægðir. Þeir sem voru einir á ferð voru ánægðari með þjónustu á svæðinu en þeir sem ferðuðust með öðrum – sérstaklega þeir sem voru í skipulagðri hópferð. Þeir sem höfðu komið áður á svæðið voru jafnframt ánægðari með þjónustuna en þeir sem voru í sinni fyrstu heimsókn.

21. tafla. Ánægja með þjónustu – niðurstöður 2019 greindar eftir bakgrunnsbreytum.

| | | N | 1 Mjög óánægð(ur) | 2 Fremur óánægð(ur) | 3 Hlutlaus | 4 Fremur ánægð(ur) | 5 Mjög ánægð(ur) | Meðaltal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **Alls** | **1156** | **1,7%** | **7,4%** | **26,6%** | **33,8%** | **30,4%** | **3,84** |
| * | Kona | 570 | | 7,2 | 24,2 | 32,6 | 34,4 | 3,91 |
| | Karl | 572 | | 7,9 | 29,0 | 34,6 | 26,9 | 3,77 |
| | Yngri en 25 ára | 225 | | 8,0 | 26,2 | 28,9 | 36,0 | 3,91 |
| | 25 til 34 ára | 315 | | 6,7 | 24,4 | 38,7 | 29,8 | 3,91 |
| * | 35 til 44 ára | 182 | 3,8 | 5,5 | 28,0 | 31,3 | 31,3 | 3,81 |
| | 45 til 54 ára | 189 | | 7,9 | 28,0 | 25,4 | 36,5 | 3,86 |
| | 55 til 64 ára | 132 | | 9,1 | 25,0 | 43,9 | 19,7 | 3,70 |
| | 65 ára eða eldri | 40 | 5,0 | 12,5 | 30,0 | 37,5 | 15,0 | 3,45 |
| | Ísland | 77 | | | 18,2 | 19,5 | 58,4 | 4,31 |
| | Frakkland | 232 | | 7,8 | 23,3 | 37,1 | 30,2 | 3,86 |
| | Þýskaland | 170 | | 8,8 | 26,5 | 38,8 | 25,3 | 3,79 |
| | Belgía/Holland | 159 | | 9,4 | 36,5 | 39,0 | 13,8 | 3,55 |
| * | USA/Canada | 84 | | 8,3 | 20,2 | 31,0 | 40,5 | 4,04 |
| | Sviss/Austurríki | 82 | | 6,1 | 19,5 | 39,0 | 32,9 | 3,94 |
| | Ítalía/Spánn | 73 | | 15,1 | 39,7 | 28,8 | 13,7 | 3,36 |
| | Visegrád-lönd | 61 | | | 29,5 | 29,5 | 37,7 | 4,00 |
| | Norðurlönd | 58 | | | 22,4 | 29,3 | 44,8 | 4,14 |
| | Önnur lönd | 146 | 4,1 | 6,8 | 26,0 | 30,1 | 32,9 | 3,81 |
| | Hópferðabíll | 548 | | 7,8 | 26,3 | 33,2 | 30,7 | 3,83 |
| | Bílaleigubíll | 322 | | 8,1 | 26,7 | 33,9 | 30,1 | 3,84 |
| | Eigin bíll | 118 | | 4,2 | 22,9 | 29,7 | 41,5 | 4,05 |
